SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR

*Hreifst af fólki, hönnun og arkitektúr í Tókíó*

• á ferðinni • fjallganga

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




SARA MARÍA JÚLÍUSDÓTTIR

*Hættir rekstri verslunarinnar Nakta apans*

Fer í frí með fjölskylduna til Flórída

FÓLK 26



SKOPPA OG SKRÍTLA FÆRA ÚT KVÍARNAR

*Yfirmaður Kalla kanínu stýrir útrásinni*

Þróa efni fyrir Bandaríkjamarkað

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

20. janúar 2010 — 15. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Styrkjahjálparstarf á Haítí



Allur ágóði tónleika sem haldnir verða á Nasa í kvöld rennur til Rauða krossins.

TÍMAMÓT 17

### Ekki kominn með nýtt starf

Þórhallur Gunnarsson sagði óvænt upp störfum á RÚV.

FÓLK 26

### Nýtt gel á markað



Björgvin Páll og Logi Geirsson byrja EM með nýjum gel-vörum.

FÓLK 22

### Tevez refsaði United



Manchester City vann 2-1 sigur á United í deildarbikarnum.

ÍÞRÓTTIR 21

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING OG MILT** Í dag verður strekkingur suðvestan og austan til, annars hægari. Víða rigning og mikil suðaustanlands en yfirleitt þurrt norðanlands. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

# Útvaldir fá ókeypis gistingu í sumarbústað borgarinnar

**Borgarfulltrúar og valdir embættismenn fá ókeypis afnot af svokölluðum borgarráðsbústað á Úlfljótsvatni. Borgarfulltrúi VG leggur til að greitt sé fyrir gistinguna en segir undirtektir í borgarkerfinu afar dræmar.**

**STJÓRNSÝSLA** „Satt best að segja finnst mér menn taka mjög illa í hugmyndir um eitthvað sem minnkar þeirra fríðindi. Ég er dálítið hissa á því,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG, sem vill að borgarfulltrúar og æðstu embættismenn greiði fyrir afnot af sumarbústað sem borgin á við Úlfljótsvatn.

„Ég fór þarna fyrir nokkru síðan yfir helgi og þegar ég ætlaði að fara að borga var mér sagt að við ættum ekki að borga fyrir þetta,“ segir Þorleifur sem kveðst hafa rætt lengi um þetta mál óformlega í bæði borgarstjórn og forsætisnefnd borgarinnar þar sem hann hefur nú lagt fram tillögu um að þeir sem noti bústaðinn greiði fyrir það leigu.

„Ég vildi helst að þetta yrði leyst í róleg-heitum þannig að við fengjum að borga fyrir þetta og það yrðu settar einhverjar reglur, kannski svipaðar og gilda um félaga í Starfsmannafélagi Reykjavíkur. En það hefur ekki verið gert þannig að ég greip til þess á síðasta fundi að gera þessa tillögu formlega,“ útskýrir Þorleifur.

Borgarráðsbústaðurinn stendur út af fyrir sig nálægt klasa bústaða sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á og nokkrum bústöðum í eigu Orkuveitunnar og Faxaflóahafna. Þorleifur segir borgarráðsbústaðinn heldur stærri en hina bústaðina. Þar séu þrjú svefnherbergi miðað við tvö í starfsmannabústöðunum. Heitur pottur er við öll húsin. „Þessi bústaður er kannski betur mubleraður en þetta er ekkert lúxusdæmi,“ lýsir Þorleifur.

Forsætisnefnd hefur ekki afgreitt tillögu Þorleifs heldur vísað henni til Ólafs Hjörleifssonar, skrifstofustjóra borgarstjórnar. Aðspurður segir Ólafur að þar með eigi hann að útfæra hugmyndir um framtíðarskipan mála varðandi bústaðinn. Hvorki hafi fylgt fyrirmæli frá forsætisnefndinni um að taka eigi upp gjald né um að halda fyrirkomulaginu óbreyttu.

Eins og fyrr segir eru það borgarfulltrúar og æðstu embættismenn sem geta dvalist í borgarráðsbústaðnum. Þorleifur segir að embættismennirnir sem um ræði séu til dæmis sviðsstjórar, skrifstofustjóri borgarstjóra, skrifstofustjóri borgarstjórnar og borgarlögmaður. „Þetta eru embættismenn sem eru með 800 þúsund krónur til milljón í mánaðarlaun,“ undirstrikar Þorleifur Gunnlaugsson. - gar



FRÉTTABLAÐIÐ/LEENA MANHART

**VONBRIGÐI Í LINZ** Eftir að hafa leitt leikinn allan tímann tók að halla undan fæti hjá íslenska liðinu þegar skammt var til leiksloka. Áhyggjurnar urðu æ sýnilegri í andlitum þjálfara og leikmanna á bekknum og vonbrigðin leyndu sér ekki að leik loknum.

Sárt jafntefli gegn Serbum:

# Ætla að vinna hina leikina

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta gerði jafntefli við það serbneska á Evrópumótinu í Austurríki í gær, 29-29, eftir að hafa glutrað niður fjögurra marka forystu á síðustu fimm mínútum leiksins.

Snorri Steinn Guðjónsson misnotaði vítakast á síðustu sekúndu leiksins. „Við Óli horfðum hvor á annan og hann benti á mig. Þá var það mitt að taka vítið,“ segir Snorri Steinn. „En mótið er ekki búið. Þetta var þó jafntefli en ekki tap og ætlum við nú að vinna þá leiki sem við eigum eftir í riðlinum.“

Íslenska liðið var yfir allan leikinn og Guðmundur Þ. Guðmundsson þjálfari var svekktur í leikslok. „Við vorum algerlega með þá. Þess vegna er þetta svona svekkjandi,“ segir hann. „Við eigum erfiðan leik gegn Austurríki næst og þurfum bara að taka hann.“ - esá / sjá síðu 21

Allt stefnir í að tíu þúsund manns fylli hóp þeirra sem hafa verið án atvinnu í ár:

# Átak gegn atvinnuleysisvánni

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun (VMST) hefur fengið fjármagn til að fjölga starfsráðgjöfum um tíu. Sérstakt átak verður gert á næstu mánuðum til að hjálpa þeim sem hafa verið atvinnulausir í langan tíma. Ungt fólk er þar í forgrunni.

Gert er ráð fyrir því að langtímaatvinnuleysi muni ná til allt að tíu þúsund manns innan fárra mánaða. Á milli desembermánaða 2008 og 2009 þrettánfaldaðist hópurinn sem hafði verið atvinnulaus í meira en ár. Í lok desember 2009 voru þeir 3.224 en voru 255 í sama mánuði 2008.

Hrafnhildur Tómasdóttir, deildarstjóri ráðgjafardeildar VMST, segir langtímaatvinnuleysi sérstakt áhyggjuefni og stofnunin sé um þessar mundir að grípa til sérstaks átaks undir hennar stjórn. Boðinn verður fjöldi úrræða til að stoppa þann vítahring sem fjöldi fólks er kominn í og er horft til fólks á öllum aldri þó að ungt fólk njóti forgangs í byrjun verkefnisins. - shá / sjá síðu 8










## SPURNING DAGSINS



*Ágúst, eruð þið komnir með hreðjatak á Asíu- og Bandaríkjamarkaði?*

„Já, ætli það megi ekki orða það þannig?“

Allar pungar sem falla til við slátrun hjá Kaupfélagi Skagfirðinga eru fluttir úr landi, einkum til Asíu og Bandaríkjanna, þar sem þeir eru orðnir vinsæl matvara. Ágúst Andrésson er forstjóri afurðastöðvar KS á Hvammstanga.

Íslenska rústabjörgunarsveitin að ljúka störfum á Haítí:

# Áfallahjálpin hefst á Bahama

**HJÁLPARSTARF** Íslenska rústabjörgunarsveitin leitaði í rústum hótelsins Montana í miðborg Port-au-Prince á Haítí í gær í von um að finna þar fólk, lífs eða liðið.

„Þar bjó mikið af starfsfólki og fjölskyldum starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og annarra hjálparstofnana á svæðinu,“ segir Gísli Rafn Ólafsson hjá björgunarsveitinni. „Hlutverk okkar var fyrst og fremst að aðstoða við að finna það sem við köllum félaga okkar og fjölskyldur þeirra sem eru grafnar þarna í rústunum svo ættingjarnir geti fengið bundið enda á þessa óvissu,“ segir hann. Enginn fannst hins vegar á lífi í rústunum á Haítí í gær.



**ÍSLENSKA SVEITIN** Íslenska sveitin hefur leitað í rústum í Port-au-Prince síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

Gísli sagði í gær að viðbúið væri að sveitin myndi leita fram á kvöld eða nótt í hótelrústunum. Menn væru þó vissulega þreyttir. „Við keyrum okkur samt áfram á voninni um að finna einhvern og hjálpa einhverjum. Það hjálpar okkur að finna þessa aukaorku sem við þurfum,“ segir Gísli.

Síðan er áætlað að fljúga frá Haítí í hádeginu í dag. Komið verður við á Bahama-eyjum þar sem sveitin fær hvíld eftir mikla vinnu og byrjar áfallahjálparferli. „Héðan koma menn með þannig upplifun að þetta er mikil lífsreynsla og það þarf að passa andlega þáttinn alveg jafnvel og þann líkamlega,“ segir Gísli. Búist er við þeim til Íslands á fimmtudag. **- sh**

Fasteignaskrá Íslands:

# Verð íbúða lækkar enn

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu var 302,1 stig í desember síðastliðnum en það er lækkun um 2,2 prósent frá fyrra mánuði, samkvæmt Fasteignaskrá Íslands. Tólf mánaða lækkun nemur 12 prósentum, en síðustu þrjá mánuði hefur íbúðaverð á lækkað um 3,8 prósent.

„Íbúðarhúsnæði er skipt í flokka eftir stærð og hvort það telst fjölbýli eða sérbýli. Reiknað er meðalfermetraverð fyrir níu flokka íbúðarhúsnæðis. Niðurstaðan er vegin með hlutdeild viðkomandi flokks í heildarverðmæti á markaði,“ segir á vef Fasteignaskrárinnar. **- óká**

Sjúkraskrárupplýsingar:

# Samþykki eins foreldris nægir

**PERSÓNUVERND** Lækni er heimilt að miðla til félagsmálayfirvalda upplýsingum úr sjúkraskrá barns með samþykki annars foreldris. Þetta kemur fram í svari Persónuverndar við almennri fyrirspurn.

Í svari Persónuverndar kemur fram að almennt nægi samþykki annars forsjárforeldris barns fyrir nauðsynlegum ákvörðunum, það er ef hitt foreldrið er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum.

Um leið kemur fram að sé þess unnt að bíða með ákvörðun þá skuli það gert fram til þess tíma að foreldrið sé ekki lengur hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum. **- óká**

Þyrlan sótti slasaðan mann:

# Alvarlegt slys í Hveragerði

**SLYS Maður á þrítugsaldri slasaðist alvarlega í flugeldaslysi í gærkvöldi. Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um slysið rúmlega átta.**

**Lögregla og sjúkraflutningamenn fóru strax á vettvang og var hinn slasaði fluttur með sjúkrabíl í veg fyrir þyrlu Landhelgisgæslunnar, sem flutti manninn áfram á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Þegar blaðið fór í prentun var ekki annað vitað en að ástand hins slasaða væri mjög alvarlegt.**

**Lögregla var á vettvangi fram eftir kvöldi í gær og rannsakaði tildrög slyssins. Annar maður var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi til aðhlynningar en hann slasaðist lítið eða ekkert.** **- shá**

**JAPAN**

### JAL í greiðslustöðvun

Stærsta flugfélag Asíu, Japan Air Lines, fékk greiðslustöðvun í gær. Búist er við að fimmtán þúsund starfsmenn missi vinnuna.

# Óð að ljósmyndara með hnefann á lofti

**Brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos gerði sig líklegan til að ráðast á ljósmyndara Fréttablaðsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Árvökull fangavörður brást skjótt við og stöðvaði Ramos, sem var með hnefann á lofti.**

**DÓMSMÁL** Árvökull fangavörður greip inn í atburðarás fyrir utan dómsal í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos gerði sig líklegan til að ráðast á ljósmyndara Fréttablaðsins.

Ramos virtist snöggreiðast þegar ljósmyndarinn hóf að mynda hann og kvaðst ekki vilja myndatökur. Að því búnu ætlaði hann að vaða að ljósmyndaranum með krepptan hnefa á lofti. Hann komst þó ekki alla leið því annar fangavarðanna kippti í ól sem var um mitti Ramosar, sem handjárnin höfðu verið fest við, og hnykkti honum til baka. Hann var síðan færður í hliðarherbergi, þar til málflutningur hófst í framsalsmáli hans. Í framhaldi af því var gæsluvarðhald yfir honum framlengt til 2. febrúar.

Í málflutningnum í gær kom fram að framsalsbeiðni brasilískra stjórnvalda er grundvölluð á tveimur dómum sem hann hlaut í heimalandinu. Annars vegar tveggja ára dómur fyrir vopnað rán þegar hann, ásamt öðrum manni, rændi tvær konur með því að hóta þeim með byssu. Hins vegar 24 ára dóm fyrir skipulagningu á og þátttöku í mannráni og ráni. Hann var handtekinn þegar fram átti að fara afhending lausnargjalds upp á tuttugu milljónir króna á núverandi gengi. Hann og félagi hans skutu að lögreglumönnunum áður en handtaka fór fram.

Ramos átti eftir tólf og hálft ár af afplánuninni, þegar hann lét sig hverfa að fengnu jólaleyfi. Honum skaut svo upp hér á landi 9. ágúst, sem kunnugt er.

Hann bar fyrir dómi í gær að yrði hann framseldur biði hans ekkert annað en dauðinn. Hann hefði skrifað greinargerð um spillingu háttsettra manna í Brasilíu inn á netið og nafngreint þar menn. Hann myndi því sæta pólitískum ofsóknum og sagði það algengustu aðferð til að láta menn hverfa í brasilískum fangelsum að setja eitur í matinn hjá þeim. Hins vegar kvaðst hann tilbúinn til að afplána eftirstöðvarnar hér á landi. **jss@frettabladid.is**





**ENGAR MYNDIR** Ramos skýldi andlitinu rétt áður en hann bjóst til að ráðast að ljósmyndaranum.

**HOSMANY RAMOS** Var leiddur inn í héraðsdóm í handjárnum sem fest voru við mittisól. Auk málflutnings í framsalsmáli hans var hann úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 2. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### BRASILÍSK FANGELSI „HREINT HELVÍTI“

**Bágborið ástand í fangelsum**

Verjanda Ramosar, Hilmari Ingimundarsyni hrl. varð tíðrætt um bágborið ástand í fangelsum í Brasilíu í málflutningi sínum. Lagði hann fram frétt úr íslensku dagblaði, sem fjallaði um 23 ára mann, sem setið hafði í fangelsi Sao Paulo í þrjá mánuði og sagði það „hreint helvíti“ í viðtali við blaðið.

„Fyrirgefðu, þetta er frá því í ágúst 2006,“ sagði þá Arngrímur Ísberg dómari. „Er hann lifandi enn þá, heldurðu?“

**Sókn og vörn**

Verjandi Ramosar ræddi einnig líflátshótun hans gagnvart fangaverði á dögunum, þegar fram hafði komið að málið væri ekki á málaskrá lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sagði verjandinn að væri málið til meðferðar kæmi framsal nefnilega ekki til greina.

„Þú verður bara að kæra ef þeir gera það ekki sjálfir,“ sagði þá dómarinn og bætti svo við:

„En hvernig ætlar þú þá að fara að því að verja hann?“

Ísraelsk stjórnvöld:

# Taka harðar á mótmælendum

**ÍSRAEL, AP Ísraelsk stjórnvöld hafa síðan í sumar handtekið tugi palestínskra og ísraelskra andófsmanna, sem hafa mótmælt opinskátt stefnu stjórnarinnar gagnvart Palestínumönnum.**

**Sá þekktasti er líklega Hagai Eliad, leiðtogi ísraelskra mannréttindasamtaka, sem handtekinn var síðastliðinn föstudag í austanverðri Jerúsalem ásamt sjötíu öðrum mótmælendum, þar af sautján Ísraelum.**

**Yfirleitt eru hinir handteknu látnir lausir nokkrum sólarhringum síðar, en gagnrýnendur segja handtökurnar merki um að Ísraelsstjórn taki harðar á mótmælendum en áður.** **- gb**

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga:

# 22 af 76 hafa ekki skilað til ráðuneytis

**SVEITARFÉLÖG** Tuttugu og tvö sveitarfélög af sjötíu og sex hafa ekki skilað upplýsingum til sveitarstjórnarráðuneytisins um fjárhagsáætlanir ársins 2010.

Samkvæmt lögum eiga sveitarfélög að afgreiða fjárhagsáætlanir fyrir áramót og senda ráðuneytinu strax upplýsingar um áætlanir sínar.

Meðal þeirra sem eftir eiga að standa skil eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Álftanes, Grindavík, Sanderði, Fjallabyggð og Fjarðabyggð. **- pg**

**DÓMSTÓLAR**

### Kýldi mann ítrekað í andlit

Tæplega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að kýla annan mann nokkrum sinnum í andlitið, svo af hlutust umtalsverðir áverkar. Fórnarlambið krefst nær 300 þúsunda króna í skaðabætur.


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

STARFSFÓLK ÓSKAST

Óska eftir að ráða: Flakara, afgreiðslufólk í fiskverslun, almenn fiskverslunarstörf. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Allar nánari upplýsingar gefur Kristján 896 0602.

Súr Hvalur og fleira gómsætt fyrir þorrann. Sjáumst hress

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Straumur selur helmingshlut í úrvalsdeildarliðinu West Ham til reynslubolta:

# Stærsta salan síðan í fyrra

**VIÐSKIPTI** Samningar náðust í fyrrinótt um sölu á helmingshlut CB Holdings, félags að mestu í eigu Straums, í breska úrvalsdeildarfélaginu West Ham til nafnanna David Sullivans og David Gold fyrir rúmar fimmtíu milljónir punda, jafnvirði 10,3 milljarða króna.

Straumur átti sjötíu prósent í CB Holding á móti Byr sparisjóði, MP banka og Landsbankanum ásamt félögum honum tengdum. Þar á meðal er þrotabú Grettis.

Þetta er umfangsmesta sala á eignum Straums frá því fjárfestingarbankinn fallni seldi rekstur dönsku stórverslunarinnar Magasin du Nord fyrir um tveimur mánuðum.

Georg Andersen, upplýsingafulltrúi Straums, segir verðið ásættanlegt og gott að fá menn inn í reksturinn sem hafi tæplega tuttugu ára reynslu af rekstri knattspyrnufélags. Sullivan mun nú taka við rekstri og stjórn West Ham en deilir stóli stjórnarformanns með nafna sínum. Þeir Sullivan og Gold áttu breska knattspyrnufélagið Birmingham og stýrðu því í þrettán ár, eða þar til það var selt í fyrra fyrir áttatíu milljónir punda.

Til samanburðar greiddi Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbankans, 85 milljónir punda fyrir félagið þegar hann keypti það í nóvember árið 2006. **- jab**



**NÝI STJÓRINN** David Sullivan hélt blaðamannafund á Upton Park í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


TOYOTA
Ertu til í langtímasamband?
Fimm ára ábyrgð
Fimm ára ábyrgð
Toyota á Íslandi býður fimm ára ábyrgð með öllum nýjum bílum.
Þú getur treyst Toyota. Hátt þjónustustig, gott orðspor og fjölmargir ánægðir Toyota-eigendur eru til marks um það. Fimm ára ábyrgð Toyota er grunnur að farsælu langtímasambandi.
Kynntu þér málið hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota eða á www.toyota.is
www.toyota.is
Today
Tomorrow
Toyota

## GENGIÐ 19.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125 | 125,6 |
| Sterlingspund | 205,06 | 206,06 |
| Evra | 179,15 | 180,15 |
| Dönsk króna | 24,07 | 24,21 |
| Norsk króna | 21,971 | 22,101 |
| Sænsk króna | 17,687 | 17,791 |
| Japanskt jen | 1,3769 | 1,3849 |
| SDR | 196,24 | 197,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framlög til Haítí í gegnum Rauða kross Íslands nema nú 28 milljónum:

# Hver og einn gefið 88 krónur

**HJÁLPARSTARF** Hver og einn Íslendingur hafði í gær gefið Rauða krossi Íslands 88 krónur til að sinna neyðaraðstoð á Haítí. Alls eru þetta 28 milljónir. Enn er framlag frá deildum RKÍ og framlag íslenskra ríkisins ekki komið fram. Því kann svo að fara að heildarframlög verði um eða yfir fimmtíu milljónir.

„Þetta eru frábær viðbrögð,“ segir Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossi Íslands. Söfnunin verði opin fram yfir helgi og líklega lengur því alþjóðlegi Rauði krossinn hefur nú sent út beiðni um neyðaraðstoð til þriggja ára, sem hljóðar upp á 12,5 milljarða króna.

Hjá RKÍ söfnuðust um fimmtíu milljónir í heildina vegna jarðskjálftanna í Pakistan 2005, þar af 23 milljónir frá almenningi. Vegna tsunami-skjálftaflóðbylgnanna í Asíu 2004 söfnuðust hátt í 170 milljónir.

Verði heildarframlag Íslendinga í gegnum Rauða krossinn fimmtíu milljónir reiknast það sem rúmar 157 krónur frá hverjum Íslendingi. Tekið skal fram að fleiri félög safna nú hér á landi í þágu Haítíbúa, svo sem UNICEF. **- kóþ**



NORDICPHOTO/AFP

**ALLT FARIÐ** Talið er að um 200 þúsund manns hafi farist í jarðskjálftanum sem var sjö á Richter.

Icesave-dagsetning ákveðin:

# Þjóðaratkvæðið verður 6. mars

**STJÓRNMÁL** Ákveðið hefur verið að þjóðaratkvæðagreiðsla vegna Icesave-laganna mun fara fram 6. mars næstkomandi.

Hægt verður að kjósa utan kjörfundar frá 28. janúar á skrifstofum sýslumannsembætta. Íslensk stjórnvöld hafa átt í viðræðum við hollensk og bresk yfirvöld um möguleikann á því að taka samningana um Icesave upp og semja að nýju. Forsenda þess er samstaða heima fyrir og hafa forystumenn íslensku stjórnmálaflokkanna fundað þrívegis vegna þess, síðast í fyrrakvöld. Þar var ákveðið hvernig skyldi skipa nýja samninganefnd ef til þess kæmi. **- sh**

Vantrauststillögu vísað frá:

# Ólafur víttur fyrir níðvísu

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista, var víttur á borgarstjórnarfundi í gær eftir að hafa farið með níðvísu um Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Hann bar jafnframt upp vantrauststillögu á Hönnu Birnu sem var vísað frá.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Sagði Ólafur að Hanna Birna hefði sett sál sína að veði fyrir Landsbankann, og vísaði þar til þess að hún hefði gegnt starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins þegar Kjartan Gunnarsson, formaður bankaráðs Landsbankans, var framkvæmdastjóri.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, áminnti Ólaf ítrekað á fundinum og vítti hann að lokum formlega. **- sh**

Þrjátíu daga fangelsi:

# Nefbraut mann

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir líkamsárás. Honum var gert að greiða fórnarlambinu 200 þúsund í skaðabætur.**

**Maðurinn réðst á hinn á og við Hressingarskálann í Reykjavík og kýldi hann í andlitið. Fórnarlambið nefbrotnaði.**

**Fram er komið að árásarmaðurinn sló hinn í kjölfar þess að unnusta hans tjáði honum að sá er fyrir árásinni varð hefði káfað á henni þegar þau dönsuðu saman. Hefur fórnarlambið neitað því. Dómurinn leit þó til þess við ákvörðun refsingar hver aðdragandinn var að líkamsárásinni. - jss**

# Rannsaka svikafléttu með sendiráðsbústað

**Lögregla tók í gær skýrslu af fjórum mönnum sem grunaðir eru um aðild að 300 milljóna króna svikafléttu með nýjan stærðarinnar sendiráðsbústað Kínverja.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla rannsakar nú hvort feðgarnir Karl Steingrímsson, kenndur við Pelsinn, og sonur hans, Aron Pétur, hafi framið stórfelld fjársvik þegar þeir seldu stórt hús við Skúlagötu 51 til Alþýðulýðveldisins Kína nýverið til notkunar undir sendiráðsbústað. Meint svik nema tæpum 300 milljónum.

Aron var handtekinn og yfirheyrður vegna málsins í gær. Karl faðir hans, lögmaðurinn Gísli Gíslason og fasteignasalinn Guðmundur Th. Jónsson gáfu skýrslu sjálfviljugir. Þá var húsleit gerð á þremur starfsstöðvum mannanna.

Það eru Arion banki, Glitnir og Íslandsbanki sem telja sig hlunnfarna í málinu. Bankarnir áttu veðrétt í húsinu fyrir samtals rúman milljarð króna. Hinn 14. desember kynntu eigendur hússins bönkunum 575 milljóna króna kauptilboð í húsið frá indversku fyrirtæki. Bönkunum leist ágætlega á tilboðið miðað við ástandið á fasteignamarkaði þótt það væri langtum lægra en veðkröfurnar. Þeir féllust því á að húsið yrði selt og afgangi skuldanna aflétt.



ARON KARLSSON KARL J. STEINGRÍMSSON



**MIKIÐ MANNVIRKI** Húsið er flennistórt. Það var í eigu feðganna Karls Steingrímssonar og Arons Karlssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eftir að gengið hafði verið frá aflétttingunni komust forsvarsmenn bankanna að því í fréttum að húsið hefði alls ekki verið selt Indverjunum, heldur kínverska ríkinu undir sendiráðsbústað og að verðið hafi ekki verið 575 milljónir heldur 870 milljónir. Í ljós kom að þau kaup höfðu gengið í gegn áður en skuldunum hafði verið aflétt.

Grunur er um að búið hafi verið að ganga frá sölunni til Kínverja þegar fyrra kauptilboðið var kynnt bönkunum. Tilboð Indverjanna hafi því verið sýndartilboð sem lagt var fram til að eigendurnir gætu hagnast um tæpar 300 milljónir. Hafa forsvarsmenn bankanna meðal annars bent á að viðskipti við kínverska ríkið taki tæpast svo skamman tíma og hljóti að hafa verið í nokkurn tíma í undirbúningi. Þeir fóru því fram á lögreglurannsókn á málinu.

Lögregla hefur lagt hald á 93 milljónir af hagnaðinum af meintu broti, sem lágu á bankareikningi. Þegar er búið að ráðstafa hluta fjárins til greiðslu opinberra gjalda. Ekki liggur enn fyrir hvort farið verður fram á kyrrsetningu annarra eigna mannanna til tryggingar fyrir því sem á vantar.

Mennirnir voru látnir lausir að loknum yfirheyrslum í gær. Ekki náðist í feðgana og lögmaðurinn Gísli Gíslason, sem nýverið fékk réttindi sín aftur eftir gjaldþrot, vildi ekkert tjá sig um málið. Jón Guðmundsson, faðir fasteignasalans Guðmundar og eigandi Fasteignamarkaðarins, sagði málið í raun ekki tengjast fasteignasölunni. Lögregla hafi bara viljað fá að sjá öll gögn til að öðlast heildarsýn á málið.

**stigur@frettabladid.is**



**FRÁ FUNDINUM** Samtök stofnfjáreigenda í Byr voru stofnuð í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samtök stofnfjáreigenda Byrs:

# Margir í slæmri skuldasúpu

**VIÐSKIPTI Um tvö hundruð stofnfjáreigendur í sparisjóðnum Byr hafa stofnað grasrótarsamtökin Samtök stofnfjáreigenda sparisjóðsins. Tilgangur þeirra er að vinna að helstu hagsmunamálum stofnfjáreigenda Byrs og að viðhalda viðgangi og vexti stærsta sparisjóðs landsins.**

**Eitt af helstu viðfangsefnum félagsins er að gæta hagsmuna stofnfjáreigenda í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins og huga að slæmri fjárhagsstöðu margra stofnfjáreigenda sem skuldsettu sig við stofnfjárkaup undir árslok 2007, að því er segir í tilkynningu. - jab**

REYKJAVÍKURBORG

### Margir vilja í verbúðir

Margfalt færri en vilja munu fá leigt húsnæði í gömlu verbúðunum við Geirsgötu og á Grandagarði. Þannig barst 61 umsókn um fimm leigurými í verbúðunum við Geirsgötu og 32 umsóknir um átta leigurými í verbúðunum við Grandagarð. Tillaga um úthlutun verður lögð fram á næsta fundi stjórnar Faxaflóahafna.




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA

–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**ROK OG RIGNING Á MORGUN** Seinni partinn verður orðið nokkuð hvasst um suðvestanvert landið og mun rigningin ágerast eftir því sem líður á daginn. Á morgun hvessir enn frekar og um miðjan daginn verður víða allhvasst og stormur syðra. Veður gengur síðan niður aðfaranótt föstudags.



**Á MORGUN**
Víða allhvasst eða hvassviðri.

**FÖSTUDAGUR**
Hæg suðvestlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 21° |
| London | XX° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 7° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -4° |
| París | 3° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# RISA ÚTSALA



# 30-70% AFSLÁTTUR!

**KING KOIL HEILSURÚM**
(Queen Size 153x203)
**35% AFSLÁTTUR**
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

**SVEFNSÓFAR**
**30% AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
104.860 kr.

**HEILSUKODDAR**
**30% AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
5.915 kr.

**SÆNGURFÖT**
**30% AFSLÁTTUR**
Verð nú frá
4.830 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## KJÖRKASSINN



*Getur Ísland unnið EM í Austurríki?*

| | |
|---|---|
| Já | 72% |
| Nei | 28% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú slasað þig vegna hálku?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Áætlað að framkvæmdir á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi hefjist í vor:

# Breikka Þjóðveg 1 næst borginni

**SAMGÖNGUR** Ríkisstjórnin ákvað í gær að fela samgönguráðherra og fjármálaráðherra að undirbúa útboð vegna breikkunar Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stefnt að því að ákvörðun liggi fyrir síðar í vikunni.

Framkvæmdir á Suðurlandsvegi eiga að hefjast í maí. Þar er ætlunin að leggja nýjan tveggja akreina veg fyrir umferð á leið í austur á kaflanum milli Litlu Kaffistofunnar í austri og Lögbergsbrekku ofan við Lækjarbotna í vestri. Kaflinn er 6,5 kílómetra langur. Einnig á að bæta vegaxlir á núverandi vegi. Hann mun þjóna sem tveggja akreina vegur fyrir umferð í átt að borginni eftir að framkvæmdum lýkur haustið 2011.

Á Vesturlandsvegi verður breikkaður 1,5 kílómetra kafli frá Hafravatnsvegi að Þingvallavegi. Jafnframt á að stækka hringtorgið við Álafossveg og ljúka við undirgöng og göngustíga í grennd við Varmá.

Kostnaður við framkvæmdirnar á Vesturlandsvegi er áætlaður um 500 milljónir en um 1,4 milljarðar á Suðurlandsvegi. Í þeirri tölu er ekki gert ráð fyrir mislægum gatnamótum við Bláfjallaveg og Litlu kaffistofuna. **- pg**



**SUÐURLANDSVEGUR** Samgönguráðherra stefnir að því að ákveða útboð um framkvæmdir á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi fyrir helgi.

Gulldepluveiðarnar:

# Frekar treg veiði og bræla

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipin sem stunda gulldepluveiðar fundu um helgina töluvert magn í Skerjadýpi. Gulldeplan var hins vegar óveiðanleg vegna mikillar átu og hafa skipin haldið áfram veiðum í Grindavíkurdýpi þar sem hún hefur helst verið í veiðanlegu magni.

Ingunn AK og Faxi RE, skip HB Granda, eru nú að landa tólf hundruð tonna afla á Akranesi og Lundey NS er væntanleg með fimm til sex hundruð tonn.

Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey, segir komna leiðindabrælu og erfitt fyrir uppsjávarskipin að athafna sig. **- shá**






**BRENNANDI KIRKJA** Löggæslumaður á vegum Sameinuðu þjóðanna fylgist með mannaferðum meðan kirkja brennur að baki honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bandaríski herinn hreiðrar um sig

**Bandaríkjaher er byrjaður að varpa matvælum og vatni úr lofti til íbúa á Haítí. Þrjú þúsund bandarískir hermenn eru komnir til Haítí. Erfitt hefur reynst að koma í veg fyrir gripdeildir. Enn tókst að bjarga fólki á lífi úr rústunum í gær.**

**HAÍTÍ, AP** Haítíbúar tóku fyrstu matvæla- og vatnssendingum Bandaríkjahers fagnandi þegar þeim var varpað niður úr þyrlu rétt fyrir utan höfuðborgina Port-au-Prince.

Íbúarnir fögnuðu líka þegar sex bandarískar herþyrlur lentu á lóð hinnar illa skemmdu forsetahallar í borginni og tóku að koma sér þar fyrir.

„Ef þeir vilja, þá geta þeir verið lengur núna en 1915,“ sagði Fede Felissant hárgreiðslumaður, sem fylgdist með. Árið 1915 kom Bandaríkjaher einnig til Haítí og þá liðu 19 ár áður en hann hvarf á braut.

Bandarískir ráðamenn hafa þó fullyrt að koma þeirra til Haítí nú eigi alls ekki að verða upphafið að langvarandi hersetu.

Meira en tvö þúsund bandarískir sjóliðar hafa gengið til liðs við þá þúsund bandarísku hermenn sem fyrir voru á Haítí. Þar eru einnig níu þúsund lögreglumenn og friðargæsluliðar frá Sameinuðu þjóðunum, og von er á 3.500 í viðbót.

Ekki veitir af, því vaxandi óþolinmæði gætir meðal íbúa vegna þess hve hjálpargögn hafa borist hægt til landsins. Aðeins skammt frá forsetahöllinni, þar sem Bandaríkjaher var að koma sér fyrir í gær, fóru hópar fólks um rænandi og ruplandi um miðborgina.

„Svona er þetta bara. Við getum ekkert gert,“ segir Arina Bence lögreglukona, sem reyndi að halda almenningi frá ránssvæðinu til að fólk fari sér ekki að voða.

Á einni hæðinni í borginni lokaði fólk hverfinu af með bílum og ungir menn voru fengnir til að fylgjast með mannaferðum. „Við treystum aldrei stjórnvöldum hér,“ sagði Tatony Vieux, einn íbúa hverfisins. „Aldrei.“

Rúm vika er liðin frá því að jarðskjálfti, sem mældist 7,0 stig, reið yfir Haítí með þeim afleiðingum að stór hluti allra húsa höfuðborgarinnar og sumra nágrannabyggða lagðist í rúst.

Talið er að allt að 200 þúsund manns hafi látið lífið, 250 þúsund hafi hlotið misalvarleg meiðsl og 1,5 milljónir hafi misst heimili sitt. Hjálparstofnanir telja að þriðjungur íbúa landsins, sem alls eru nærri tíu milljónir, þurfi á neyðaraðstoð að halda.

Í gær var enn verið að ná fólki á lífi úr rústunum. Tveimur konum var bjargað úr hruninni háskólabyggingu. **gudsteinn@frettabladid.is**







Íslenskur læknir til starfa í höfuðborg Haítí á vegum íslenska Rauða krossins:

# Gat ekki sagt nei við kallinu

„Íslenski Rauði krossinn hafði samband við mig um hvort ég gæti starfað með þýska Rauða krossinum við að koma upp spítala í Port-au-Prince. Það er verið að reisa þessa læknamiðstöð núna og ég mun starfa þar sem almennur læknir í mánuð ef allt gengur vel,“ segir Friðbjörn Sigurðsson, læknir á Landspítalanum, sem hélt áleiðis til Haítí í nótt.

Friðbjörn segir ástæðuna fyrir för sinni að hann hafi setið námskeið Rauða krossins og því hafi hann verið á lista yfir fólk sem tilbúið er að taka að sér sérstök verkefni eins og þetta. „Ég hef líka dvalið í landinu áður og erfiðara að segja nei þess vegna.“



**FRIÐBJÖRN SIGURÐSSON** Mun starfa á sjúkrahúsi í höfuðborg Haítí sem almennur læknir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Friðbjörn dvaldi á Haítí fyrir tveimur áratugum á þeim tíma sem hann stundaði sérnám í lyflækningum í Bandaríkjunum. Þá dvaldi hann á Albert Schweitzer-sjúkrahúsinu sem er inni í miðju landi. Friðbjörn segir það hafa verið mikla lífsreynslu. „Vera mín í landinu á þeim tíma verður þó örugglega hátíð miðað við það sem bíður mín nú,“ segir Friðbjörn.

Friðbjörn flaug af landi brott með vél utanríkisráðuneytisins í nótt. Vélin, sem nær í íslensku alþjóðabjörgunarsveitina, er hlaðin hjálpargögnum sem sjálfboðaliðar hafa gengið frá síðustu sólarhringa.

Friðbjörn segist vera í launalausu leyfi frá LSH á meðan hann dvelur erlendis en, eins og venja er til, greiðir Rauði krossinn Friðbirni laun þann tíma sem hann dvelur á Haítí. **- shá**

# Útsölulok

## Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem í boði eru.



90 cm

### Gorenje eyjuháfur

KD830 EINSEL

Lýsing: 2x40 W. Afkastageta: 650 m³/klst. Aflstillingar: 3.

**Verð áður: 218.842**

Útsöluverð **70%** **65.900**



60 cm

### Fagor spanhelluborð

5IFT40S

Snertitakkar. Barnalæsing. Heildarafl 7,1 kW. „Power booster“ á tveimur hellum. Tímastilling.

**Verð fyrir: 169.900**

Útsöluverð **20%** **135.920**



### Gorenje vegghháfur 90cm stál

KD810E

90 cm. Stál. Afkastageta: 600 m³/klst. Afstillingar: 3.
Lýsing: 2x40 W.

**Verð áður: 147.581**

Útsöluverð **70%** **44.500**



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

### Fagor uppþvottavél

LJF-0310

Hvít. 5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52 dB(A).

**Verð fyrir: 111.647**

Útsöluverð **15%** **94.900**



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

### Fagor uppþvottavél

1LF-017SX

Stál. 12 manna. Klukka. Hljóðstig: 47 dB(A).

**Verð áður: 159.900**

Útsöluverð **15%** **135.190**



### Fagor vegghháfur

5CFB-90X

90 cm. Afkastageta: 870 m³/klst.
Lýsing: 2x40 W.

**Verð áður: 94.900**

Útsöluverð **60%** **37.900**



### Fagor pottaset

978010194

8 Pottar.

**Verð áður: 54.900**

Útsöluverð **27%** **39.900**




PIPAR\TBWA • SÍA • 100160

Skútuvogi 1 | Sími 562 4011 | www.ronning.is

RÖNNING

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver gaf 230 tonn af vatni í neyðaraðstoð til Haítí?

2 Hvaða mynd hlaut Golden Globe-verðlaunin sem besta dramatíska myndin?

3 Hver er framkvæmdastjóri HSÍ?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Framkvæmdastjórinn segir flokkinn fara í einu og öllu að forskrift Ríkisendurskoðunar:

# Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að birta allt

**STJÓRNMÁL** Á næstu vikum ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að birta upplýsingar um heildarframlög til flokksins allt aftur til ársins 2002.

Nöfn þeirra sem styrkt hafa flokkinn verða einnig birt, að því gefnu að þeir samþykki að verða nafngreindir. Svo segir Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins.

Rétt fyrir áramót birti Ríkisendurskoðun upplýsingar frá stjórnmálaflokkunum um framlög og fjárhag þeirra allt aftur til 2002. Sjálfstæðisflokkurinn skar sig úr þar, því upplýsingar frá honum takmörkuðust við flokksskrifstofuna eina og enginn styrkveitandi var nafngreindur.

„Ástæðan fyrir því að við gáfum ekki upp þessi nöfn var sú að þau eru mörg og við vorum, og erum enn, að leita samþykkis frá þeim sem veittu styrkina,“ segir Jónmundur og bendir á að flokkurinn starfi í 140 einingum um allt land. „Við erum að hringja í þá, en þetta eru ansi mörg símtöl,“ segir hann.

Að þessu loknu, vonandi á næstu vikum, verði Ríkisendurskoðun svo sendar nýjar og ítarlegri upplýsingar.

„Það stóð aldrei annað til, en tíminn var naumur þarna fyrir áramót og verkið mikið,“ segir hann.

Spurður hvort einhvers konar átak verði gert í sambandi við komandi sveitarstjórnarkosningar, um að gamlir frambjóðendur skili inn upplýsingum aftur í tímann, segir Jónmundur að allir frambjóðendur hafi verið hvattir til að fara að tilmælum Ríkisendurskoðunar. „Síðan er það í höndum hvers og eins að sinna því verki,“ segir hann.

Nokkur þeirra sem stefna á efstu sætin í höfuðborginni skiluðu Ríkisendurskoðun ekki upplýsingum um styrki fyrir síðustu kosningar, svo sem þau Júlíus Vífill Ingvarsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Kjartan Magnússon. - kóp



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Frambjóðendur flokksins hafa verið hvattir til að veita Ríkisendurskoðun upplýsingar um styrki gegnum árin.



**MEHMET ALI AGCA** Laus úr fangelsi í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræðismaður páfa:

## Segist hafa boðskap að flytja

**TYRKLAND, AP** „Ég er ekki guð, ég er ekki sonur guðs, ég er hinn eilífi kristur,“ segir Mehmet Ali Agca, sem hefur setið í fangelsi í nærri þrjá áratugi síðan hann reyndi að ráða Jóhannes Pál páfa af dögum í Róm árið 1981.

Hann var látinn laus úr fangelsi í Tyrklandi á mánudag og gisti fyrstu nóttina á lúxushóteli í höfuðborginni Ankara. Í gær hélt hann síðan til Istanbúl, en segist ætla að ræða við fjölmiðla á næstu dögum.

Tyrknesk yfirvöld fylgjast með ferðum hans og hafa verulegar áhyggjur af geðheilsu hans. - gb

# Þúsundir án vinnu í rúmt ár

**Vinnumálastofnun hefur ráðist í átak til að stemma stigu við afleiðingum langtímaatvinnuleysis. Tíu ráðgjafar verða ráðnir. Allt stefnir í að tíu þúsund manns fylli hóp þeirra sem hafa verið án vinnu í ár.**

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun (VMST) gerir ráð fyrir því að langtímaatvinnuleysi muni ná til allt að tíu þúsund manns innan fárra mánaða. Hópurinn þrettánfaldaðist á síðustu tólf mánuðum. Unnið er að sérstöku átaki til að afstýra því að félagslegar og sálfræðilegar afleiðingar þessa vanda vaxi mönnum yfir höfuð.

Karl Sigurðsson, sviðsstjóri vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar, segir að ef svartsýnustu spár gangi eftir geri VMST ráð fyrir því að langtímaatvinnuleysi nái til um tíu þúsund manns þegar líður á árið. „Þetta er háð því að mál þróist með sama hætti og á undanförnum mánuðum – að stöðnunin á vinnumarkaðinum verði til lengri tíma. Auðvitað vonast maður til að eitthvað fækki í þessum hópi á móti.“

Á milli desembermánaða 2008 og 2009 þrettánfaldaðist hópurinn sem hafði verið atvinnulaus í meira en ár. Í lok desember 2009 voru þeir 3.224 en voru 255 í sama mánuði 2008. Á næstu tveimur mánuðum er fyrirsjáanlegt að talan hækki í yfir fimm þúsund manns.

Hrafnhildur Tómasdóttir, deildarstjóri ráðgjafardeildar VMST, segir langtímaatvinnuleysi sérstakt áhyggjuefni og stofnunin sé um þessar mundir að grípa til sérstaks átaks undir hennar stjórn. Fjármagn hefur fengist til að ráða tíu nýja ráðgjafa, ekki síst til að taka á vanda ungs fólks. Þar er áherslan á að bjóða fjölda úrræða til að stoppa þann vítahring sem farinn er af stað.

Hrafnhildur segir að reynsla annarra þjóða sýni að eyðileggingarmáttur langtímaatvinnuleysis sé mikill og afleiðingar þess sjáist víða í þeim samfélögum sem við vandann hefur glímt. Margir vitna til týndu kynslóðarinnar eftir finnsku kreppuna á tíunda áratug síðustu aldar. „Þar er átt við óvirkni ungs fólks sem leiddi til þess að stór hópur kom aldrei út á vinnumarkaðinn,“ segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur segir það þekkt hversu margir finna fyrir tilgangsleysi þegar fá tækifæri bjóðast og alvarlegast sé að þeir sömu aðlagast atvinnuleysinu og staðna þar. Því fylgir félagsleg einangrun. „Þetta á við alla, sama á hvaða aldri þeir eru. Fólk upplifir höfnun og finnst það einskis nýtt sem hefur áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu. Þekkt er að atvinnuleysi leiðir til örorku fjölda manna þegar aðstæður eru þessar á vinnumarkaði.“

svavar@frettabladid.is



**ÓÖRUGGT STARF** Atvinnuástandið er hvað verst í byggingariðnaði. Langtímaatvinnuleysi nær hins vegar helst til ungs fólks og þeirra sem komnir eru yfir miðjan aldur. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Skráð atvinnuleysi desember 2008 - desember 2009**






Í DAG ER

# OFURDAGUR

ORKUNNAR

# -5 kr.

af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla

Fáðu þér lykil að sparnaði

Lægsta verðið er hjá Orkunni
(Skv. vefsíðunni bensinverd.is)

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Orkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum, en annars færðu alltaf **2 króna afslátt.**

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

Spáðu í hvað þú sparar!



**HERMENN ÆFA SIG** Hópur indverskra hermanna sýndi listir sínar við staur í Nýju-Delí þegar haldið var upp á afmæli hersins. NORDICPHOTOS/AFP

Eitt ár liðið frá því að Barack Obama tók við forsetaembætti í Bandaríkjunum:

# Vonbrigði í stað aðdáunar

**BANDARÍKIN** Vinsældir Baracks Obama Bandaríkjaforseta hafa dvínað töluvert frá þeim hæðum sem þær voru í þegar hann tók við embætti fyrir réttu ári.

Um það bil fimmtíu prósent eru þó enn ánægð með störf hans, þótt prósentan rokki eitthvað til eftir skoðanakönnunum.

Þótt ár sé liðið hefur honum ekki tekist að hrinda í framkvæmd neinum af þeim helstu málum sem hann lagði áherslu á í kosningabaráttunni. Í þýska tímaritinu Spiegel er fullyrt að í stað aðdáunar sé fólk farið að vorkenna honum.

Marga er til dæmis farið að lengja eftir því að hann loki Guantánamo-fangabúðunum á Kúbu, sem hann lofaði að gera innan árs eftir að hann tók við, og ástandið í Afganistan fer stöðugt versnandi.

Meira að segja ríkti í gær veruleg óvissa um örlög heilbrigðisfrumvarpsins, sem tryggja átti nánast öllum Bandaríkjamönnum sjúkratryggingar. Örlög frumvarpsins réðust af úrslitum aukakosninga í Massachusetts um þingsæti Edwards Kennedy í öldungadeild Bandaríkjaþings. Hafi repúblikanar sigrað, eins og skoðanakannanir bentu til, vantar demókrata eitt atkvæði í deildinni til að tryggja frumvarpinu endanlega samþykkt. - gb



**BANDARÍKJAFORSETI** Obama hefur enn ekki komið í verk neinum af helstu baráttumálum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vestmannaeyjar - Akureyri:

## Fyrsta beina flugið í bígerð

**SAMGÖNGUR** Helgina 12. til 14. febrúar næstkomandi verður í fyrsta sinn farið í beint áætlunarflug á milli Vestmannaeyja og Akureyrar, tvisvar sinnum fram og til baka, að því er fram kemur á vef Akureyrarbæjar.

„Þetta er skemmtilegt tækifæri fyrir Norðlendinga til að skreppa til „suðrænna eyja“ og njóta þess að ganga á grænu grasi í febrúar. Sérstaklega ættu kylfingar að kætast því Golfklúbbur Vestmannaeyja ætlar að standa fyrir „Suðurhafseyja open“-golfmóti laugardaginn 13. febrúar,“ segir þar jafnframt. Flugfélag Íslands annast flugið. - óká



**KOSNINGAR** Konur voru 36 prósent frambjóðenda við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Nú er unnið að því að jafna kynjahlutfallið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvatningarbæklingur:

## Konur hvattar í framboð

**JAFNRÉTTISMÁL Jafnréttisstofa hefur, ásamt samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, gefið út bækling sem ætlað er að hvetja konur til að bjóða sig fram til sveitarstjórnarstarfa. Í bæklingnum, sem ber titilinn Eflum lýðræðið – konur í sveitarstjórn, hvetja sveitarstjórnarkonur úr öllum flokkum og kjördæmum konur til að gefa kost á sér til starfa.**

**Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist síðustu áratugi, en enn hallar verulega á þær. Við síðustu kosningar, árið 2006, voru 36 prósent frambjóðenda konur, en 64 prósent karlar. Í fimm sveitarfélögum var engin kona í sveitarstjórn.** - kóp

# Tætingslegt veldi í molum

**Rekstri fyrirtækja undir hatti Nordic Partners verður haldið áfram þrátt fyrir yfirtöku skilanefndar Landsbankans á eignum. Viðskiptaveldið að hruni komið. Viðskiptamódelið var tætingslegt, segir viðmælandi.**

**VIÐSKIPTI** „Við höfum vitað af þessu í nokkurn tíma og höfum fengið þau skilaboð frá skilanefnd Landsbankans að yfirtakan muni ekki hafa nein áhrif á reksturinn,“ segir Jón Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri einkaþotuleigunnar Icejet.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur skilanefnd Landsbankans gengið að veðum í eignarhaldsfélaginu Nordic Partners og mun á næstu vikum taka lyklavöldin á hótelkeðjunni NP Hotels og taka yfir allar þotur í eigu Icejet, eins dótturfélaga Nordic Partners.

Icejet var stofnað árið 2006 og rekur fimm sérstaklega innréttaðar Dornier-328 einkaþotur. Tvær þotnanna hafa verið á söluskrá í ár en þokast lítið í kreppunni. Félagið gerði áður að miklu leyti út frá Reykjavíkurflugvelli en flutti rekstrurinn alfarið til Bretlands í október 2008. Þær eru leigðar til efnaðra einstaklinga og fljúga víða um Evrópu.

Nokkur hótel eru innan NP Hotels. Þar á meðal er glæsihótelið D‘Angleterre auk veitingastaðanna Copenhagen Corner og Front. Rekstur Kong Frederik var seldur um mitt síðasta ár og húsnæðið leigt kaupandanum, dönsku hótelkeðjunni First Hotel. Frumkvæði að viðskiptunum kom frá Landsbankanum, sem lánaði Nordic Partners fyrir kaupunum á hótelkeðjunni haustið 2007.



**HÖFUÐSTÖÐVAR NORDIC PARTNERS**

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála um að Nordic Partners hafi keypt dönsku hótelkeðjuna dýru verði. Verðmiðinn er þó nokkuð á reiki en almennt er talið að hann hafi numið á milli eins til 1,5 milljarða danskra króna á sínum tíma, jafnvirði um tólf til átján milljarða króna á þávirði, að meðtöldum skuldum sem voru teknar yfir. Þetta var talsvert yfir uppsettu verði, samkvæmt dönskum fjölmiðlum.

Einn viðmælenda Fréttablaðsins sagði viðskiptamódel Nordic Partners tætingslegt; hótelrekstur í Kaupmannahöfn hafi rímað illa við matvælaframleiðslu og útleigu á iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði í Eystrasaltsríkjunum.

Ekki náðist í Jón Þór Hjaltason, stjórnarmann NP Hotels, þegar eftir því var leitað í gær.

jonab@frettabladid.is



**STOFNANDINN** Nordic Partners varð til upp úr fjárfestingum Gísla Reynissonar hagfræðings í einkavæðingu í Lettlandi undir miðjan tíunda áratug síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### SKILUÐU EKKI ÁRSREIKNINGI Í MÖRG ÁR

Nordic Partners er afkvæmi Gísla Reynissonar fjármálahagfræðings, sem stofnaði félagið upp úr kaupum á plastverksmiðju í Lettlandi í einkavæðingarferli stjórnvalda þar á árunum 1996 til 1997.

Rekstrinum var umpólað og verksmiðjunni breytt í iðngarða, sem leigðir voru út. Þegar best lét voru garðarnir átta talsins og sex hundruð þúsund fermetrar í útleigu.

Umfang Nordic Partners óx mikið upp úr þessu, svo sem umfangsmikil matvælaframleiðsla í Litháen, Póllandi og Tékklandi auk smáreksturs hér og í Færeyjum.

Höfuðstöðvar Nordic Partners voru fluttar hingað árið 2004 og voru þær til húsa við Suðurgötu í Reykjavík ásamt skrifstofum Icejet. Þrátt fyrir þetta skilaði félagið ekki ársreikningi til Fyrirtækjaskrár eins og lög gera ráð fyrir en sá síðasti sem finna má í skrám embættisins er reikningur fyrir uppgjörsárið 2004, sem skilað var í nóvember 2005.



Þrír piltar fyrir dóm:

## Með gaskút og brugg í bílnum

**DÓMSMÁL** Þrír piltar hafa verið ákærðir fyrir hafa í fórum sínum stolinn gaskút og heimatilbúið áfengi.

Það var í mars á síðasta ári sem lögreglan stöðvaði för piltanna undir Ingólfsfjalli á Suðurlandi. Í bílnum fannst gaskútur sem hafði verið stolið.

Við nánari leit kom í ljós að í farangursrými bílsins voru níu hálfs lítra flöskur með heimatilbúnu áfengi, sem piltarnir höfðu orðið sér úti um.

Er einn piltanna ákærður fyrir að hafa haft bruggið í fórum sínum.

- jss

Atvinnuleysi á Íslandi:

## Undir meðaltali OECD-ríkjanna

**ATVINNUMÁL Atvinnuleysi hér á landi var 0,8 prósentustigum undir meðaltali aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í nóvember síðastliðnum. Stofnunin birti sínar nýjustu tölur fyrir skömmu.**

**Meðaltal OECD stóð í stað milli mánaða og var 8,8 prósent í nóvember, en hér hafði atvinnuleysi aukist um 5,3 prósent frá fyrra mánuði og var 8,0 prósent.**

**Atvinnuleysi í evrulöndunum mælist hins vegar á sama tíma 10,0 prósent, 0,1 prósentustigi hærra en í október.**

**Fram kemur í tilkynningu OECD að nýjustu tölur frá Bandaríkjunum og Kanada sýni að þar standi atvinnuleysi í stað, hafi mælst 10,0 og 8,5 prósent í desember.**

- óká

### NÓVEMBERTÖLUR OECD

| Land/hópur ríkja | atvinnuleysi |
|---|---|
| OECD í heild | 8,8% |
| Sjö helstu iðnríkin | 8,5% |
| Evrópusambandið | 9,5% |
| Evrulöndin | 10,0% |
| Bandaríkin | 10,0% |
| Kanada | 8,5% |
| Danmörk | 7,2% |
| Finnland | 8,9% |
| Frakkland | 10,0% |
| Írland | 12,9% |
| **Ísland** | **8,0%** |
| Spánn | 19,4,% |
| Svíþjóð | 8,9% |

HEIMILD: OECD OG VINNUMÁLASTOFNUN

RANGÁRÞING YTRA

### Hafna beiðni Íbúðalánasjóðs

Hreppsnefnd Rangárþings ytra hafnar beiðni Íbúðalánasjóðs um afslátt fasteignagjalda og sorphirðugjalda vegna fasteigna sem sjóðurinn á og standa auðar á Hellu. Hreppsnefnd kveðst harma að umrætt húsnæði skuli standa autt og hvetur Íbúðalánasjóð til að finna leiðir til að koma húsnæðinu í notkun sem fyrst.


# Stöndum saman!

Fundaröð Sjálfstæðisflokksins 20. janúar til 4. febrúar. Þingmenn flokksins ræða stjórnmálin í víðu samhengi.



→REYKJAVÍK

**Golfskálanum í Grafarholti - 26. janúar kl. 20.30**
*Guðlaugur Þór Þórðarson*
**Gerðubergi - 26. janúar kl. 20.30**
*Pétur H. Blöndal*
**Neskirkju - 28. janúar kl. 20.30**
*Illugi Gunnarsson & Ólöf Nordal*

→SUÐVESTURKJÖRDÆMI

**Hafnarfjörður, Félagsheimili sjálfstfél. - 20. janúar kl. 12.00**
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins*
**Seltjarnarnes, Félagsheimili sjálfstfél. - 21. janúar kl. 12.00**
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins*
**Garðabær, Félagsheimili sjálfstfél. - 27. janúar kl. 12.00**
*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins*
**Mosfellsbær, Félagsheimili sjálfstfél. 28. janúar kl. 20.00**
*Ragnheiður Ríkharðsdóttir*
**Kópavogur, Félagsheimili sjálfstfél. - 30. janúar kl. 10.00**
*Jón Gunnarsson*

→SUÐURKJÖRDÆMI

**Hella, Árhúsum - 20. janúar kl. 17.00**
*Ragnheiður E. Árnadóttir*
**Þorlákshöfn, Ráðhúskaffi - 20. janúar kl. 20.30**
*Ragnheiður E. Árnadóttir*
**Vestmannaeyjar, Félagsh. sjálfstfél. - 20. janúar kl. 20.00**
*Unnur Brá Konráðsdóttir & Guðlaugur Þ. Þórðarson*
**Reykjanesbær, Félagsheimili sjálfstfél. - 21. janúar kl. 20.00**
*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisfl. & Ragnheiður E. Árnadóttir*
**Vík í Mýrdal, Ströndinni í Víkurskála - 22. janúar kl. 12.00**
*Árni Johnsen*
**Hveragerði, Félagsh. sjálfstfél. - 23. janúar kl. 10.30**
*Unnur Brá Konráðsdóttir & Ragnheiður Ríkharðsdóttir*
**Selfoss, Riverside Hótel Selfossi - 26. janúar kl. 20.30**
*Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisfl. & Árni Johnsen*
**Kirkjubæjarklaustur, Hótel Laka - Efri Vík - 26. janúar kl. 12.00**
*Unnur Brá Konráðsdóttir & Tryggvi Þór Herbertsson*
**Höfn í Hornafirði, Kaffi Horninu - 26. janúar kl. 20.00**
*Unnur Brá Konráðsdóttir & Tryggvi Þór Herbertsson*
**Grindavík, Hópsnesi - 27. janúar kl. 20.00**
*Árni Johnsen & Jón Gunnarsson*
**Bláskógabyggð, Félagsh. Aratungu -30. janúar kl. 20.00**
*Unnur Brá Konráðsdóttir*

→NORÐVESTURKJÖRDÆMI

**Hvammstangi, Kaffi Sírópi - 20. janúar kl. 20.30**
*Einar K. Guðfinnsson*
**Blönduós, Félagsheimili sjálfstfél. - 21. janúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson & Einar K. Guðfinnsson*
**Grundarfjörður, Kaffistofunni Djúpakletti - 25. janúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson & Árni Johnsen*
**Ísafjörður, Hótel Ísafirði - 25. janúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson*
**Stykkishólmur, Narfeyrarstofu - 27. janúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson & Einar K. Guðfinnsson*
**Akranes, Gamla kaupfélaginu - 28. janúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson & Jón Gunnarsson*
**Borgarnes, Hótel Hamri - 28. janúar kl. 20.30**
*Einar K. Guðfinnsson & Guðlaugur Þór Þórðarson*
**Ólafsvík, Hótel Klifi - 4. febrúar kl. 20.30**
*Ásbjörn Óttarsson & Illugi Gunnarsson*

→NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

**Siglufjörður, Allanum - 20. janúar kl. 17.00**
*Kristján Þór Júlíusson & Illugi Gunnarsson*
**Neskaupstaður, Egilsbúð - 20. janúar kl. 20.00**
*Tryggvi Þór Herbertsson & Ólöf Nordal*
**Ólafsfjörður, Hótel Brimnesi - 21. janúar kl. 20.00**
*Tryggvi Þór Herbertsson & Ólöf Nordal*
**Húsavík, veitingastaðnum Sölku - 21. janúar kl. 20.00**
*Kristján Þór Júlíusson & Illugi Gunnarsson*
**Dalvík, Við höfnina - 22. janúar kl. 12.00**
*Tryggvi Þór Herbertsson & Jón Gunnarsson*
**Seyðisfjörður, Hótel Öldunni - 23. janúar kl. 12.00**
*Tryggvi Þór Herbertsson & Pétur H. Blöndal*
**Akureyri, Hótel KEA - 23. janúar kl. 13.30**
*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisfl. & Kristján Þ. Júlíusson*
**Vopnafjörður, Félagsheimilinu Miklagarði - 27. janúar kl. 12.00**
*Kristján Þór Júlíusson & Ragnheiður Ríkharðsdóttir*
**Egilsstaðir, Hótel Héraði - 27. janúar kl. 20.00**
*Kristján Þór Júlíusson & Ragnheiður Ríkharðsdóttir*

**Nánari upplýsingar á xd.is**

XD







**STÆRSTUR OG MINNSTUR** Stærsti maður heims, hinn tyrkneski Sultan Kösen, sem fyrir stuttu lagði leið sína til Íslands, stillti sér upp við hliðina á minnsta manni heims, Kínverjanum He Ping Ping, á sýningu í Istanbúl. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarþingmaður leggur til skattlagningu séreignarsparnaðar í lífeyriskerfinu:

# Tekjurnar nýtist í atvinnufjárfestingu

**EFNAHAGSMÁL** Skattleggja á séreignarsparnað og nota afraksturinn til fjárfestingar í atvinnulífinu. Þetta segir Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, en hann á jafnframt sæti í efnahags- og skattanefnd þingsins.

Magnús Orri segir að um leið og ríkið sníði sér stakk eftir vexti þurfi að huga að uppbyggingu atvinnulífsins og tekjuaukningu ríkisins til lengri tíma. „Og það vil ég gera með skattlagningu séreignarsparnaðar," segir hann og bætir við að þannig megi með einskiptisaðgerð, skattlagningu stofns séreignarinnar, færa ríkinu um 80 milljarða króna. Árlegar



**MAGNÚS ORRI SCHRAM**

tekjur ríkisins af skattlagningunni nemi svo um átta milljörðum króna. „Þessa fjármuni á hins vegar ekki að nýta til að fjármagna hallarekstur ríkisins eins og sumir hafa lagt til, heldur til fjárfestinga í atvinnulífinu." Þar segir Magnús Orri meðal annars vert að horfa til langtímaverkefna á borð við rannsókna- og þróunarstarf fyrirtækja, fjármögnunar skattalegra hvata og leiða til að auka aðgang að lánsfé á viðunandi kjörum.

Skattlagningu séreignarsparnaðarins leggur Magnús Orri til í tengslum við fjárlagagerð næsta árs, en að auki segir hann nauðsynlegt að auka aðhald í útgjöldum ríkisins. Hann bendir á að frá 2000 til 2009 hafi ekki tekist að hefta útgjaldavöxt ríkisins að neinu marki. „Ein helsta áskorunin sem íslenskir stjórnmálamenn standa nú frammi fyrir er að standast þrýstihópa og ganga ákveðið fram við niðurskurð í fjárlagagerð næsta árs," segir Magnús Orri. **- óká**

Austurland:

# Alcoa styrkir björgunarstarf

**ÖRYGGISMÁL** Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum hefur ákveðið að styrkja björgunarsveitir á Austurlandi næstu tvö árin um 12,5 milljónir króna. Styrkurinn verður stofnframlag í menntunarsjóð björgunarsveitarmanna á Austurlandi.

Á síðasta ári veittu Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa rúmlega 56 milljónum króna til 65 samfélagsverkefna á Íslandi. Sjóðurinn var stofnaður fyrir 56 árum og hefur frá upphafi veitt um 64 milljörðum króna til samfélagslegra verkefna í þeim löndum um allan heim, þar sem fyrirtækið starfar. **- shá**



**SAMKOMULAG INNSIGLAÐ** Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, og Gestur Breiðfjörð, framkvæmdastjóri Sparnaðar, handsala samvinnuna.

TM og Sparnaður í samstarf:

# Selja tryggingar hvort annars

**VIÐSKIPTI Tryggingamiðstöðin, TM, og Sparnaður gerðu í byrjun árs samkomulag um sölu á tryggingum hvort annars. Sparnaður er umboðsaðili Versicherungskammer Bayern. Fyrirtækið býður upp á lífeyristryggingar og fjármálalausnir til einstaklinga og mun veita einstaklingum og fyrirtækjum ráðgjöf um kaup á skaðatryggingum TM.**

**Með samstarfinu geta báðir aðilar boðið viðskiptavinum sínum víðtækara vöruframboð á sviði vátrygginga- og fjármálaþjónustu, að því er segir í tilkynningu.** **- jab**

**MENNINGARMÁL**

### Styrkir í Eyþingi

Menningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki, en tilgangur þeirra er sagður að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

# Bréf forsetans ekki afhent

**Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur staðfest synjun forseta Íslands. Aðgangur verður ekki veittur að níu bréfum sem rannsóknarnefnd fékk til skoðunar. Bréfin verða ekki gerð opinber fyrr en eftir þrjátíu ár.**

**STJÓRNSÝSLA** Níu af þeim sautján bréfum, sem forseti Íslands sendi rannsóknarnefnd Alþingis vegna rannsóknar á orsökum bankahrunsins, verða ekki gerð opinber fyrr en 30 ár eru liðin frá því að þau voru rituð. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur staðfest synjun forsetaskrifstofunnar við því að gera bréfin opinber.

Þegar rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir aðgangi að bréfum, sem forsetinn hefði ritað í þágu banka eða fjármálafyrirtækja, sendi forsetaskrifstofa nefndinni sautján bréf til skoðunar.

Blaðamaður Fréttablaðsins bað um aðgang að bréfunum á grundvelli upplýsingalaga. Í fyrstu var synjað um aðgang en eftir að kært var til úrskurðarnefndar birti forsetaskrifstofan átta af bréfunum sautján en sagði að hin níu yrðu ekki gerð opinber þar sem þau væru rituð þjóðhöfðingjum eða æðstu forsvarsmönnum ríkja sem enn eru í embætti.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur nú staðfest þá ákvörðun. Nefndin segir að þótt í bréfunum sé ekki að finna viðkvæmar upplýsingar um samskipti þjóðhöfðingja gæti opinber birting haft í för með sér að traust í samskiptum biði hnekki.

Blaðamaður benti á að eitt bréfanna væri ritað til Alexanders krónprins, sem sé hvorki þjóðhöfðingi né meðal æðstu manna í lýðveldinu Serbíu, þótt hann geri tilkall til þess að konungdæmi verði endurreist í því landi. Nefndin telur ljóst að bréfið til Alexanders hafi forseti Íslands „ritað sem lið í embættislegum samskiptum sínum við aðila, sem af hans hálfu hefur verið litið á sem tiltekna fulltrúa annars ríkis eða þjóðar". „Á grundvelli eðlis og efnis umrædds bréfs, og þá einnig þeirra sérstöku samskipta sem voru undanfari þess að bréfið var ritað" eigi að varðveita trúnað um efni bréfsins.

Er sú ákvörðun tekin með vísan í 2. málsgrein 6. greinar upplýsingalaga um að takmarka megi aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir. Miðað við þá niðurstöðu nefndarinnar verður efni þess bréfs, líkt og hinna átta, ekki gert opinbert fyrr en 30 árum eftir að það var ritað. **peturg@frettabladid.is**



**FORSETINN Á INDLANDI** Ólafur Ragnar Grímsson tók á móti Nehru-verðlaununum á Indlandi í síðustu viku. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál telur að traust í samskiptum ríkja gæti beðið hnekki ef bréf forseta til erlendra þjóðhöfðingja í þágu bankanna yrðu gerð opinber. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kosningaskrifstofa í Borgartúni 6, 4. hæð – www.juliusvifill.is – jvi@reykjavik.is

Júlíus Vífill 2. sæti

Júlíus Vífill býr yfir fjölbreyttri reynslu og þekkingu ...



... úr listalífinu

Hann starfaði um árabil sem óperusöngvari og hefur unnið ötullega að kynningu og framgangi menningar og lista.

... úr atvinnulífinu

Hann er lögfræðingur að mennt og var lengi framkvæmdastjóri og stjórnarformaður eins af stærstu innflutnings- og þjónustufyrirtækjum landsins.

... úr stjórnmálum

Hann hefur verið atkvæðamikill borgarfulltrúi og setið tvö kjörtímabil í borgarstjórn. Hann hefur verið formaður menntaráðs, skipulagsráðs og Faxaflóahafna.

Kjósum Júlíus Vífil í 2. sæti í prófkjörinu á laugardag




**VERÐLAUNATILLAGAN** Áætlað er að fullgerð stytta af Tómasi Guðmundssyni verði komin á sinn stað á bekk við Reykjavíkurtjörn í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkeppni um styttu af Tómasi Guðmundssyni:

# Tómasi skipað á bekk við Reykjavíkurtjörn

**STJÓRNMÁL** Halla Gunnarsdóttir myndlistarmaður varð hlutskörpust í lokaðri samkeppni um gerð styttu af ljóðskáldinu Tómasi Guðmundssyni. Samkvæmt tillögu Höllu verður gerð stytta af Tómasi í fullri stærð og henni komið fyrir á bekk við Reykjavíkurtjörn.

Samkeppnin um styttuna af Tómasi fór fram eftir að borgarstjórn samþykkti haustið 2008 að keppnin yrði haldin. Í greinargerð með tillögu Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa var lögð áhersla á að Tómas Guðmundsson væri eitt af ástsælustu skáldum þjóðarinnar og oft kallaður borgarskáldið. Ljóðabók Tómasar, Fagra veröld, sló í gegn þegar hún kom út á árinu 1933. Þá var skáldið 32 ára. Tómas lést árið 1983. **- gar**

Öflug ræktun stöðvuð:

# Ákærðir fyrir kannabisrækt

**DÓMSMÁL** **Fjórir menn hafa verið ákærðir fyrir kannabisræktun á bænum Karlsstöðum á Berufjarðarströnd.**

**Mennirnir eru allir á fertugsaldri. Einn þeirra hafði yfirráð yfir bænum þar sem ræktunin fór fram.**

**Í maí á síðasta ári stöðvaði lögreglan athæfi mannanna. Þá voru í ræktun á bænum sextán kannabisplöntur. Að auki höfðu mennirnir sett upp mjög stóra ræktunaraðstöðu fyrir allt að 600 kannabisplöntur. Auk plantnanna gerði lögreglan upptækan gríðarmikinn ræktunarbúnað.** - jss

Markaðsstarf Iceland Naturally kynnt:

# Efnt til herferðar

**MARKAÐSMÁL** Umfangsmikið kynningarátak Iceland Naturally í Bandaríkjunum nær til á milli 30 og 40 milljóna manna á ári hverju. Meðal þess sem ráðast á í á þessu ári eru stórar kynningarherferðir á íslenskri ferðaþjónustu, sjávarafurðum, endurnýjanlegri orku og tækni. Íslenskir úrvalskokkar munu elda fyrir almenning og tónleikar og kvikmynda- og listahátíðir haldnar.

Þetta kom fram á kynningu á verkefninu Iceland Naturally í fyrradag, en það er samstarfsverkefni ríkisstjórnar Íslands og íslenskra fyrirtækja sem starfa á mörkuðum Norður-Ameríku, og er rekið af aðalræðisskrifstofu Íslands og skrifstofu Ferðamálaráðs í New York. Markaðsaðgerðir verkefnisins eru byggðar á neytendakönnunum sem gerðar hafa verið annað hvert ár síðan 1999. - sh



**TÓNNINN SLEGINN** Mugison tók lagið á kynningunni í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


## Í heimi frosts og fanna

Næsta myndakvöld Ferðafélags Íslands verður tileinkað vetrarferðum á skíðum og er haldið undir yfirskriftinni: Í heimi frosts og fanna Myndakvöldið fer fram miðvikudagskvöldið 20. jan. n.k. og verður að vanda haldið í sal Ferðafélagsins í Mörkinni 6 og hefst kl. 20.00. Í hléi eru kaffiveitingar með bakkelsi samkvæmt hefð.

**Aðgangseyrir er aðeins 600 krónur. Innifalið kaffi og meðlæti.**

Fyrrihluti myndasýningarinnar er í umsjá Einars Ragnars Sigurðssonar. Einar er reyndur fjallamaður sem hefur stundað skíðaferðir um hálendi Íslands í áratugi. Einar sýnir myndir úr gönguskíðaferðum yfir Vatnajökul, í Landmannalaugar og um Fjallabak, Torfajökul og Laugaveginn.

Seinnihluti myndasýningarinnar er í umsjá Páls Ásgeirs Ásgeirssonar sem sýnir myndir úr gönguskíðaferðum í Öskju og um Síðuaafrétt veturna 2008 og 2009. Páll Ásgeir hefur ferðast um íslensk fjöll í áratugi, skrifað leiðsögubækur og er einn af fararstjórum FÍ.

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**


Bæjarhreppur á Ströndum:

# Hreppur flyst á milli landsvæða

**ALÞINGI** Bæjarhreppur á Ströndum kemur til með að tilheyra Norðurlandi vestra en ekki Vestfjörðum, samkvæmt þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Frá þessu er greint á vef Reykhólahrepps.

„Þessi breyting varðar svæðaskiptingu sem notuð verður til grundvallar við gerð sóknaráætlana fyrir einstök landsvæði, en þær eru hluti af byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Að öðru leyti breytist landafræðin ekki,“ segir á Reykholar.is. „Bæjarhreppur er allur sunnan Bitrufjarðar og þess vegna ekki á sjálfum Vestfjarðakjálkanum eins og hann er venjulega skilgreindur.“ Jafnframt er tiltekið að eftir að nýr vegur um Arnkötludal hafi verið tekinn í notkun hafi Bæjarhreppur „færst fjær Vestfjörðum“. - óká

Vatn úr landi Hvamms:

# Löngu útrunninn samningur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** **Samningur um nýtingu Ísafjarðarbæjar á vatni úr landareign Hvamms í Dýrafirði kann að hafa runnið út árið 1977. Frá þessu greinir Bæjarins besta á Ísafirði, bb.is.**

**„Eigendur Hvamms í Dýrafirði hafa óskað eftir fundi með bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ varðandi nýtingu á vatni á landareigninni,“ segir í fréttinni, en þar kemur jafnframt fram að í desember hafi verið haldinn samráðsfundur með flestum eigendum Hvamms þar sem farið var yfir nýtingu sveitarfélagsins á vatni úr landi Hvamms.**

**Komi í ljós að samningurinn hafi ekki verið endurnýjaður vilja landeigendur að hliðsjón verði höfð af sambærilegum samningum um vatnsnýtingu sveitarfélaga í nýjum samningi.** - óká

Nýtt ferðamálaráð skipað:

# Svanhildur áfram formaður

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og ráðherra ferðamála, hefur skipað í ferðamálaráð til fjögurra ára. Formaður ferðamálaráðs er áfram Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.

Varaformaður ráðsins er Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, en aðrir fulltrúar eru Ásbjörn Jónsson og Unnur Halldórsdóttir frá Ferðamálasamtökum Íslands, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson og Sævar Skaptason frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Aldís Hafsteinsdóttir og Dofri Hermannsson eru fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Ásbergsson frá Útflutningsráði. - óká


## Réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.



Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, og Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri á Réttindasviði TR, munu kynna breytingarnar og svara fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

**Námskeiðin verða haldin í eftirtöldum útibúum:**

| | | |
|---|---|---|
| 21. janúar | Holtagörðum, Holtavegi 10 | kl. 20 |
| 28. janúar | Akureyri, Strandgötu 1 | kl. 20 |
| 4. febrúar | Selfossi, Austurvegi 20 | kl. 20 |
| 11. febrúar | Bæjarhrauni, Hafnarfirði | kl. 20 |

Í lok febrúar og í marsmánuði verður boðið upp á fjármálafræðslu um skipulag og stýringu fjármála heimilisins þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að endurskipuleggja fjármálin, ávöxtun og sparnað, vaxtakjör, útgjöld heimilisins og kosti heimilisbókhalds.

**Skráning og nánari upplýsingar eru á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**
**Allir velkomnir.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Langtímaatvinnuleysi eykst nú hratt.

## Nauðsynlegt að viðhalda virkni

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Alger kúvending hefur orðið á íslenskum atvinnumarkaði á fáeinum mánuðum. Ísland var þar til fyrir rúmu ári meðal þeirra landa í heiminum þar sem atvinnuþátttaka var hvað mest. Sú staða sem nú blasir við er gerbreytt því þeir skipta nú þúsundum sem eru án atvinnu.

Sú breyting sem afdrifaríkust kann að verða er þó að langtímaatvinnuleysi sem vart þekktist hér er að verða blákaldur raunveruleiki. Þannig stækkar nú ört sá hópur fólks sem hefur verið atvinnulaus í ár eða meira. Sá hópur þrettánfaldaðist frá desember 2008 til desember 2009, fór úr 255 manns í 3.224. Fyrirsjáanlegt er að á næstu tveimur mánuðum verði meira en fimm þúsund manns í þessum sporum og gangi svartsýnustu spár eftir gæti hópurinn sem hefur verið atvinnulaus í ár eða meira verið orðinn um 10 þúsund manns þegar líða tekur á árið. Í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum höfum við sjálf í takmarkaðan reynslusjóð að leita. Það breytir því þó ekki að við getum lært af reynslu annarra.

Margir telja að ein afdrifaríkasta afleiðing kreppunnar í Finnlandi í upphafi tíunda áratugarins sé sú að segja megi að ein kynslóð hafi dottið út af vinnumarkaðinum. Þetta eru þeir sem voru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði þegar kreppan skall á, eða hefðu öllu heldur átt að vera að stíga þar sín fyrstu skref. Þetta unga fólk fékk ekki vinnu, árin liðu og það festist í viðjum atvinnu- og aðgerðaleysisins.

Eyðileggingarmáttur langtímaatvinnuleysis er mikill og þekkt er sambandið milli langtímaatvinnuleysis og örorku. Það er því til mikils að vinna að komist verði hjá því að til verði hér hópur sem er vanvirkur á vinnumarkaði til langframa. Félagsleg einangrun og fátækt eru fylgifiskar langtímaatvinnuleysis og eftir því sem lengra líður verður erfiðara að rjúfa vítahringinn.

Hrafnhildur Tómadóttir, deildarstjóri ráðgjafadeildar Vinnumálastofnunar, bendir í frétt í blaðinu í dag á að þekkt sé hversu margir finni fyrir tilgangsleysi þegar fá tækifæri bjóðast og alvarlegast sé þegar fólk aðlagast atvinnuleysinu og staðnar þar.

Fram kemur í fréttinni að nú sé unnið að sérstöku átaki til að afstýra því að félagslegar og sálfræðilegar afleiðingar þessa vanda vaxi mönnum yfir höfuð. Það er gleðiefni að fjármagn hafi fengist til að ráða tíu ráðgjafa sem sinna eiga ungu fólki sérstaklega en skortur á fjármagni til að ráða ráðgjafa hefur einmitt hamlað mjög þeim stuðningi sem Vinnumálastofnun hefur getað veitt þeim sem til stofnunarinnar þurfa að leita.

Atvinnuástandið var skárra á árinu sem leið en búist hafði verið við. Flest bendir því miður til að nýhafið ár verði þungt í þessu tilliti og erfitt er að segja fyrir um það hversu langt er þar til atvinna fer að aukast að nýju.

Viðhald á virkni þeirra sem eru án atvinnu er meðal þeirra verkefna sem skipta sköpum um það hversu djúp og afdrifarík spor efnahagskreppan markar til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

PIPAR\TBWA • SÍA • 100142

Til hjálpar á Haítí

Söfnunarsími okkar fyrir Haítí er

907 2003

Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreikningur er: 0334 26 886, kt. 450670 0499

Hjálparstarf kirkjunnar

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hlustið á okkur tala

Þónokkrir liðsmenn Vinstri grænna hafa kvartað yfir skrifum í leiðara Fréttablaðsins í gær. Leiðarahöfundur hefur verið snupraður fyrir að vekja á því athygli að ekki hafi verið minnst á Icesave í ályktunum flokksráðs VG. Halla Gunnarsdóttir, fyrrum aðstoðarmaður Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra, kvartar yfir því að verið sé að einblína á ályktanirnar, nær hefði verið að hlusta á umræður á fundinum. Hún er ekki ein um það. Samþykktar ályktanir eru það sem lesið er í þegar kemur að stefnu flokks. Þetta eru kannski skilaboð til sagnfræðinga framtíðarinnar; hvað eruð þið að lesa í samþykktirnar? Þið hefðuð átt að vera á staðnum. Þar voru líflegar umræður og fjöldi sjónarmiða kom upp sem rataði reyndar ekki í ályktanirnar af því að… ja, það er nú það.



### Sérkennileg fundarstjórn

Á fundi borgarstjórnar í gær lá fyrir vantrauststillaga á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Menn þurfa ekki að vera mjög lærðir í fundarsköpum til að vita að slíka tillögu væri rétt að ræða strax. Það var hins vegar ekki gert, heldur tekinn góður tími í að ræða sóknaráætlun Reykjavíkurborgar. Sérkennileg fundarsköp það.



### Meðal 100 bestu?

Töluverð umræða hefur átt sér stað á póstlista Háskóla Íslands um hvaða kröfur eigi að gera til akademískra starfsmanna sem ráðnir eru, meðal annars þá staðreynd að enn sé hægt að ráða lektora sem ekki hafa lokið rannsóknarritgerð. Með slíku lagi verði erfitt fyrir skólann að vera einn af 100 bestu. Þá hefur ráðning Ástu Möller í stöðu forstöðumanns Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála verið gerð að umtalsefni. Ekki verði séð að hún hafi reynslu af rannsóknarstörfum á þessum vettvangi. Þá geti verið óheppilegt að ráða manneskju með pólitískan feril í starfið.

**kolbeinn@frettabladid.is**

# Gjöfin dýra – skuldabagginn



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Sjávarútvegsmál

Íslenskur sjávarútvegur mun gegna lykilhlutverki við þá endurreisn sem fram undan er í atvinnulífinu. Því er mikilvægt að skapa greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta þannig rekstrargrundvöllinn til langs tíma. Jafnframt er mikilvægt að sátt ríki í samfélaginu um stjórn fiskveiða.“ Þannig hefst stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í fiskveiðimálum.

**Skuldir sjávarútvegsins**

Eftir að þessi orð voru sett á blað hafa komið í ljós uggvænlegar upplýsingar um skuldastöðu sjávarútvegsins. Í opinberum kynningarritum LÍÚ frá síðasta ári eru skuldirnar sagðar um 550 milljarðar króna. Svör hafa enn ekki fengist við fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi skömmu fyrir jól um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja. Því er erfitt að fullyrða nákvæmlega um skuldastöðuna, en varla er hún lægri en samtök útvegsmanna hafa sjálf gefið upp.

Til samanburðar má nefna að þetta er meira en helmingi hærri upphæð en ætla má að standi eftir af Icesave-skuldinni þegar eignir Landsbankans hafa verið gerðar upp. Sé miðað við sömu vexti lætur nærri að vaxtabyrðin af skuldum sjávarútvegsins (án þess að greitt sé inn á lán) sé um 27 milljarðar á ári. Það jafngildir 88 mkr. á hvert mannsbarn í landinu, eða 156 mkr. á hvern launamann.

Skuldir sjávarútvegsins eru vaxtaberandi skuldir sem að meginþorra til eru erlend lán. Því má segja að arðurinn af íslenskum sjávarútvegi renni úr landi. Við Íslendingar erum í þeim skilningi leiguliðar hinna erlendu kröfuhafa.

Þannig er komið fyrir þessari undirstöðuatvinnugrein sem byggist á nýtingu fiskveiðiauðlindar okkar – „gjöfinni“ dýru sem útvegsmönnum var færð í hendur þegar kvótakerfinu var komið á í núverandi mynd með því að veiðiheimildunum var skipt milli þeirra endurgjaldslaust. Þeir sem fengu

*Þá hafa veiðiheimildirnar verið veðsettar langt umfram greiðslugetu atvinnugreinarinnar – þær hafa gengið sem hver annar viðskiptavarningur, leiguverðmæti, erfða- og skiptagóss.*

veiðiheimildirnar ókeypis hafa síðan hagnast á því að selja þær og leigja frá sér, og í mörgum tilvikum hagnast betur á útleigunni heldur en því að veiða fiskinn. Þá hafa veiðiheimildirnar verið veðsettar langt umfram greiðslugetu atvinnugreinarinnar – þær hafa gengið sem hver annar viðskiptavarningur, leiguverðmæti, erfða- og skiptagóss.

**Hver á fiskinn í sjónum?**

Er þetta í einhverju samræmi við vilja löggjafans? Í fyrstu grein fiskveiðistjórnunarlaga segir skýrt og skorinort: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þrátt fyrir þetta skýra ákvæði hafa staðið harðar deilur milli útgerðar og stjórnvalda í þrjá áratugi um eignarhald og ráðstöfunarrétt á veiðiheimildunum.

Útgerðarmenn vísa í 72. gr. stjórnarskrárinnar sem segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Þeir sem vilja breytingar á kvótakerfinu benda hins vegar á 75. grein stjórnarskrárinnar sem segir: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Og hér stendur hnífurinn í kúnni. Löggjafinn álítur fiskveiðiheimildirnar vera eign þjóðarinnar, útvegsmenn líta á þær sem einkaeign.

Í þjóðarrétti er þung áhersla lögð á rétt þjóða til að njóta auðlinda sinna. Samkvæmt yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna nr. 1803 frá 1962 á nýtingu náttúruauðlinda „að þjóna hagsmunum og auka velmegun fólks í viðkomandi ríki“.

Um þetta verður nánar fjallað í greinum sem birtast hér í blaðinu næstu daga.

*Höfundur er varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.*

# Hver er þín framtíðarsýn?

**UMRÆÐAN**

Verkefnastjórn Gulleggsins skrifar um frumkvöðla

Jafnvel mitt í kreppunni alræmdu má greina jákvæðar afleiðingar þeirra efnahagslegu hamfara sem Ísland hefur þolað. Það er í svona aðstæðum sem hugarflug einstaklinga fer af stað, sjálfsbjargarviðleitni blómstrar, hugvit og snjallar nýjungar fá byr undir báða vængi og beislinu er sleppt fram af sköpunargleðinni. Jákvæð athygli beinist að sprotaheiminum svokallaða, jarðvegi hugmynda og frumkvöðlastarfsemi, þar sem hugmyndir breytast í starfandi fyrirtæki sem hleypa nýju blóði í atvinnulífið og auka fjölbreytni verðmætasköpunar.

Nú er tækifæri fyrir hugvitssama einstaklinga að leggja lóð sín á vogarskálar uppbyggingar. Þeir sem hafa hugmynd sem gæti mætt óuppfylltri þörf markaðarins á nýstárlegan hátt ættu að bretta upp ermar, því nú gefst frumkvöðlum kostur á að taka þátt í frumkvöðlakeppni Innovit, Gullegginu 2010. Þátttakendum býðst að taka þátt í 7 vikna ferli námskeiða og ráðgjafar þar sem sérfræðingar veita ómetanleg ráð og þátttakendur geta stækkað tengslanet sitt svo um munar. Þátttaka í keppninni getur auðveldað áætlanagerð og undirbúning að stofnun fyrirtækis, greitt fyrir fjármögnun, veitt dýrmæta þekkingu fyrir skrefin fram undan, og einnig hljóta vinningshugmyndir peninga- og þjónustuverðlaun.

Við í verkefnastjórn Gulleggsins 2010 vitum að þátttaka fyrirtækja í fyrri keppnum Gulleggsins hefur veitt þeim dýrmætt forskot og hvetjum nýja frumkvöðla til að nýta sér þann stökkpall sem keppnin er. Taktu framtíðina í eigin hendur og skráðu þig til þátttöku á www.gulleggid.is ekki síðar en 20. janúar.

*Adam Hoffritz, mannfræðinemi í HÍ, Anna K. Kristinsdóttir, viðskiptafræðinemi í HR, Guðmundur I. Einarsson, rafmagnstæknifræðinemi í HR, Ingibjörg L. Þórmundsdóttir, viðskiptafræðinemi á Bifröst, Sigurjóna H. Sigurðardóttir, stjórnmálafræðinemi í HÍ, Sonja H. Berndsen, lögfræðinemi í HR, Steinn Hafliðason, meistaranemi í hagfræði í HÍ, Sæunn I. Marinósdóttir, meistaranemi í alþjóðaviðskiptum á Bifröst, Kristján F. Kristjánsson, verkefnastjóri Gulleggsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**ALÞJÓÐLEGA BÍLASÝNINGIN Í DETROIT** hófst 11. janúar og stendur til 24. janúar. Þar eru kynntar allar helstu nýjungarnar í bílaheiminum. Til að mynda sýndi Volvo hugmyndabíl af gerðinni Volvo C30 BEV sem er önnur kynslóð af hugmyndarafbílnum C30 BEV en bíllinn var frumkynntur í haust. www.brimborg.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




friendtex

ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

ALLAR PEYSUR 2 FYRIR 1
ALLAR BUXUR 2 FYRIR 1
BOLIR 2 FYRIR 1
VESTI 2 FYRIR 1
SKYRTUR 2 FYRIR 1
JAKKAR 2 FYRIR 1

MIKIÐ ÚRVAL AF FATNAÐI FRÁ KR. 1000.-

Opnunartími
Mán. til fös. 11.00-18.00 laug. 11.00-16.00

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 22. janúar n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Signý hlaut styrk til að kynna sér japanska hönnun í Tókíó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikil virðing og kurteisi

**Signý Kolbeinsdóttir hönnuður dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í þrjár vikur í Tókíó í Japan sumarið 2007. Hún hreifst mjög af borginni og íbúunum, en minna af risavöxnum mýflugum sem stungu hana í skógi.**

„Í raun er mjög erfitt að segja til um hvað stóð upp úr í þessari ferð því þetta var allt svo stórkostlegt. Þetta er flottasta og skemmtilegasta borg í heimi," segir Signý Kolbeinsdóttir hönnuður sem heimsótti stórborgina Tókíó í Japan í sumarlok 2007 ásamt Heimi Snorrasyni, eiginmanni sínum, og Snorra, syni þeirra, sem þá var tveggja ára.

Ferðalag fjölskyldunnar átti sér þann aðdraganda að hjónin fengu ferðastyrk hjá Sasakawa, menningarsjóði Japans og Skandinavíu. Tilgangur Signýjar var að kynna sér japanska hönnun og Heimir fræddist um þarlenda teiknimyndasögugerð. „Áður en við fórum vöruðu margir okkur við því að fara með lítið barn með okkur, sögðu að við myndum örugglega villast og týnast og svo framvegis, en sú varð alls ekki raunin. Snorri skemmti sér allra best og er enn þá að tala um Japan, þremur árum síðar. Við komumst fljótlega að raun um að borgin er ekki hættuleg," segir Signý.

Eitt af því sem heillaði Signýju við borgina var framandleikinn. „Hún er svo allt öðruvísi en annað sem ég hef kynnst. Það er dálítið eins og allar reglur séu brotnar en samt gengur allt upp. Til að mynda er tæknin alveg ótrúleg, arkitektúrinn rosalegur og í hönnun er allt leyfilegt. Þessi reynsla hafði mjög mikil áhrif á mig sem hönnuð," segir Signý, sem hefur nýlega stofnað fyrirtækið Tulipop utan um hönnun sína.

Signý segist einnig hafa hrifist af því hversu mikil kurteisi og virðing hafi ríkt manna í millum í Tókíó. „Við fórum inn í hjólabrettabúð til að kaupa okkur bakpoka og þar voru afgreiðslumaðurinn og sendill, báðir í Stussy-fötum og með derhúfuna á hlið, að afgreiða sendingu. Þegar því var lokið hneigðu þeir sig fyrir hvor öðrum, þessir gríðarlegu töffarar. Þetta þótti mér alveg frábært. Svo týndum við snuðinu hans Snorra í miðri mannþrönginni einn daginn og áður en við vissum af hafði heilt unglingagengi hlaupið langa leið til okkar, rétt okkur snuðið og hneigt sig í bak og fyrir."

Fjölskyldan brá sér einu sinni út fyrir borgina, í göngutúr um nokkurs konar frumskóg í nágrenninu. „Mýflugurnar voru á stærð við randaflugur og við fundum vel fyrir því þegar þær stungu okkur. Við erum alveg ákveðin í að heimsækja Japan aftur, enda kynntumst við fólki þar sem við höfum verið í sambandi við, og þá langar okkur að fara líka til Kíótó," segir Signý.

*kjartan@frettabladid.is*




20-15% AFSLÁTTUR
af fólksbíla og jeppadekkjum

-15% AFSLÁTTUR
af vinnu við smur

Bjóðum einnig upp á:
- Bón og þvottur
- Djúphreinsun
- Teflon
- Rúðuþurkur
- Rafgeymar
- Perur/peruskipti
- Bremsuklossaskipti

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**GANGA.IS** er vefsíða þar sem er að finna upplýsingar um 800 gönguleiðir á Íslandi ásamt áhugaverðum fróðleik fyrir göngu- og útivistarfólk.










Við Blágil. MYND/EINAR RAGNAR SIGURÐSSON



Við sæluhúsin undir Miklafelli. MYND/EINAR RAGNAR SIGURÐSSON

# Náttúran í nýju ljósi

**Páll Ásgeir Ásgeirsson og Einar Ragnar Sigurðsson sýna ljósmyndir úr vetrarferðum á myndakvöldi Ferðafélags Íslands í kvöld. Skíðaferðir um íslensk fjöll og hálendið eru þemað að þessu sinni.**

Ferðafélag Íslands stendur fyrir ljósmyndakvöldi í sal Ferðafélagsins í Mörkinni 6 í kvöld klukkan 20 undir yfirskriftinni Í heimi Frosts og fanna. Skíðaferðir á veturna eru þemað að þessu sinni þar sem skyggnst er inn í ævintýralega veröld íslenskra fjalla og hálendisins.

„Þetta er alveg upplagt fyrir þá sem vilja ekki aðeins ferðast á sumrin heldur fara í lengri skíðaferðir upp á fjöll og hálendið á veturna og takast svolítið á við náttúruöflin og sjálfan sig,“ upplýsir Páll Ásgeir Ásgeirsson sem heldur utan um myndasýninguna í kvöld ásamt ljósmyndaranum Einari Ragnari Sigurðssyni. Páll mun sýna myndir úr ferðum í Öskju og um Síðuafrétt veturna 2008 og 2009 og Einar sýnir myndir úr ferðum yfir Vatnajökul, í Landmannalaugar og um Fjallabak, Torfajökul og Laugaveginn.

„Fólki gefst þarna kostur á að sjá landið í nýju ljósi og hvernig lengri vetrarferðir á gönguskíðum ganga fyrir sig, ásamt því að ræða við marga af helstu fjallgöngumönnum landsins og fá upplýsingar um hvernig hægt er að undirbúa sig fyrir ferðir af þessu tagi,“ bendir Páll á og bætir við að þetta sé einmitt tíminn til þess.

„Sérstaklega þar sem algengast er að fólk fari í svona ferðir í mars og apríl.“

Að sögn Páls njóta skíðaferðir á veturna vaxandi vinsælda enda sé almenningur sífellt betur að átta sig á töfrum íslenskrar náttúru. „Landslagið tekur miklum breytingum þegar allt er hulið snjó. Auk þess er svo stundum hægt að komast lengra og með minni fyrirhöfn heldur en að sumarlagi, til dæmis yfir hraun og ár og þannig má öðlast betri sýn á einstaka náttúruna.“

Sýningin hefst klukkan 20 í kvöld. Í hléi eru kaffiveitingar samkvæmt hefð. Aðgangseyrir er 600 krónur á mann. *roald@frettabladid.is*



Páll Ásgeir Ásgeirsson á leiðinni í Miklafell. MYND/EINAR RAGNAR SIGURÐSSON



Á leið í Öskju. MYND/PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON







VIÐ FLYTJUM EKKI FJÖLL, EN VIÐ FLYTJUM FARÞEGA HVERT Á LAND SEM ER!

Trex - Hópferðamiðstöðin er eitt stærsta rútufyrirtæki landsins með áratuga reynslu í þjónustu við hópa. Við höfum rútur af öllum stærðum og gerðum, vel búnar til aksturs sumar sem vetur og með öryggisbeltum.

Ferðaskrifstofan okkar aðstoðar við skipulagningu hópferða, t.d. fjalla- og gönguferða.

Hafið samband þegar ykkur vantar rútu og kíkið jafnframt inn á heimasíðuna okkar til að fá nánari upplýsingar um það sem við höfum að bjóða.

Hópferðamiðstöðin TREX Travel Experiences

TREX, Hesthálsi 10, 110 Reykjavík
sími: 587 6000 info@trex.is www.trex.is








„Þegar fólk er komið á bragðið verður ekki aftur snúið,“ segir Jökull Bergmann um fjallamennskuna og talar þar af reynslu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Erum í fjallaskíðaparadís

**Fyrirtækið Bergmenn býður meðal annars upp á námskeið í fjallaskíðamennsku og ísklifri og er í samvinnu við FÍ. Bak við það er garpurinn Jökull Bergmann, eini faglærði fjallaleiðsögumaðurinn á landinu.**

„Námskeið Bergmanna eru haldin þegar fólki hentar. Fólk pantar og ég bý til námskeið fyrir tvo eða fleiri, jafnvel bara einn ef því er að skipta,“ segir Jökull. Hann segir ísklifur og fjallaskíðaferðir njóta sívaxandi vinsælda. „Fjallaskíðamennskan er almennara sport,“ segir hann. „Fólk sem er vant á svigskíðum getur dembt sér í hana en þarf ekki að tileinka sér alveg nýja tækni. Yfirleitt er þetta fólk sem hefur gaman af fjallgöngum á sumrin og skíðabruni á veturna og þegar það áttar sig á að hægt er að sameina þetta tvennt finnst því það hafa himin höndum tekið og þegar fólk er komið á bragðið verður ekki aftur snúið. Fjallaskíðamennska er samt ekki hættulaust sport. Fólk þarf að átta sig á snjóflóðahættu og leiðavali,“ tekur hann fram.

Jökull viðurkennir að fjallaskíðabúnaðurinn sé dýr, 200 til 300 þúsund krónur. „En ég hef komið til móts við fólk með því að leigja því græjur fyrir lítinn pening svo það geti prófað,“ segir hann.

Aðalsvæði Jökuls er Tröllaskaginn, þar eru fjöllin hæst og snjórinn mestur. Hann segir þó Bláfjöll, Hengil, Esjuna, Skarðsheiðina og Botnsúlur ágæta staði til að bregða sér á fjallaskíði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

„Mér finnst mikilvægt að Íslendingar átti sig á því að við erum í fjallaskíðaparadís. Þeir sem komu í fyrstu ferðirnar með mér fyrir átta árum koma til mín á hverju ári í eina til þrjár vikur. Það segir meira en mörg orð.“ *gun@frettabladid.is*


Langferðir krefjast þjálfunar. Ein helsta fjallareglan er sú að leggja ekki upp í langferð án undirbúnings. Gefðu þér nægan tíma og haltu jöfnum hraða. Fylgstu með ferðafélögunum og gættu þess að enginn dragist mikið aftur úr.



www.forvarnarhusid.is

ERTU ORKULAUS?
Viltu finna orkubreytingu
STRAX!




Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vitamínum og steinefnum
Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Hálkugormana
með á fjallið




www.icefin.is
Icefin Nóatúni 17
S:5343177

EITT FJALL Á VIKU
ÁRAMÓTAHEIT OG NÝÁRSVERKEFNI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Ferðafélag Íslands stendur fyrir verkefninu „eitt fjall á viku“ en allt árið 2010 verður gengið á eitt fjall á viku eða alls 52 fjöll.

Fjöllin 52 eru bæði stór og smá allt frá Helgafelli, Úlfarsfelli og Grímarsfelli, yfir á Heklu, Snæfellsjökul og Hvannadalshnúk.

Þeir sem skrá sig í verkefnið ganga á öll fjöllin í verkefninu.

Þökkum frábærar viðtökur. Skráningu lýkur í dag.



Fararstjóri í öllum ferðunum er Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ.

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is
www.fi.is

ASKJA

## Góðir notaðir bílar



**Mercedes Benz A180 Disel**
nýskr.04.2009 ekinn 3.000 km
sjálfsk. **Verð 4.290.000.**
**Tilboðsverð 3.690.000**



**Toyota Rav4 2.0 Bensín**
nýskr 07.2004 ekinn 75.000 km
sjálfsk. **Verð 2.220.000.**
**Tilboðsverð 1.990.000**



**Audi A3 1.6 Bensín**
nýskr 07.2007 ekinn 25.000 km
sjálfsk. **Verð 3.590.000.**
**Tilboðsverð 3.190.000**



**Kia Sportage EX 2.0 Disel**
nýskr 06.2006 ekinn 68.000 km
beinsk. **Verð 2.490.000.**



**Kia Carens EX 2.0 Disel**
nýskr 11.2007 ekinn 10.000 km
sjálfsk. **Verð 2.690.000.**



**Skoda Octavia II 1.9 Combi 4x4**
nýskr 05.2007 ekinn 72.000 km
beinsk. **Verð 2.680.000.**



**Kia Sorento EX 2.5 Disel**
nýskr 06.2007 ekinn 65.000 km
sjálfsk.**Verð 3.590.000.**



**Kia Rio EX 1.6 Bensín**
nýskr 09.2007 ekinn 58.000 km
sjálfsk.**Verð 1.790.000.**



**MMC Pajero Sport 2.5 Disel**
nýskr 06.2005 ekinn 80.000 km
beinsk.**Verð 2.650.000.**

**Bílaumboðið ASKJA ehf**
**Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík**
**sími 5902100 • www.askja.is**

# BÍLAR & FARATÆKI

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



Toyota Landcruiser 100 VX Diesel (37") 10/2005 ek 94 þ.km ST'ORGLÆSILEGUR jeppi Webasto fyring 37" og 35" ny dekk á álfelgum sjón er sögu ríkari, er á staðnum verð 7390

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



CHEVROLET SILVERADO Z71 1500. Árg. 2005, ekinn 95 þ.km, Tvöfalt púst, satinmattar álfelgur, , k&n Sían , ný dekk Nýupptekin sjálfskiptng, nýtt í bremsum.. Verð 2.990. þús . 100 % lánamöguleiki ef þarf Rnr.127772 Skráðu bílinn þinn frítt á hofdabilar.is eða kíktu í kaffi.



TOYOTA LAND CRUISER 90 LX. Árgerð 2000, ek 280 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 990þ Rnr.129384 bíllinn er á staðnum!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

**100 bílar.is** bílasala




VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 6900þús.kr! bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



VW Touareg V6 diesel (Heklubíll) árgerð 2005, ekinn 73 þús., leður, topplúga, loftpúðar, dráttarbeisli og allur annar aukabúnaður. Glæsilegur bíll. Sk.'11. Verð kr. 5.750.000,-

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu






Til sölu Toyota Yaris árg. '00 ek. 120þ. Ásett verð 600þ. Áhv. 200þ. Afb. 20þ. á mán. S. 659 6869 & 699 3471.



### Ódýr sparibaukur 135þ.
Skoda felica árg '95. 5d. 5gíra ,1300,sk '11.V.135þús. S. 891 9847



9 sæta 4x4 Volkswagen Transporter árgerð 2005 disel 6gíra 120þkm s. 696 1050, okspares@simnet.is



Toyota Yaris árg.'00, Bensín. ek: 94 Þ. Tilboð óskast, uppl. í síma 892-2244.



Til sölu vw Póló árg 98 dökkblár 3-dyra 1,4 beinsk ek 110 þús skoðaður 11 álfelgur ný vetrardekk negld topp bíll. Verð 340þús upplýsingar í síma 868 2352

## 0-250 þús.

Suzuki Baleno '95 ek.152þ.km, bsk, 1300cc, skoðaður, verð 170þús, sími 847 2003.

## 250-499 þús.



### Tilboð 450 þús
Nissan Almera árg. '00, ek. 128þús sk. '10 á vetrardekkjum. 1,4 5 gíra breinskipt. Verð 450 þús. Uppl. s. 659 3459.



### Góður sparibaukur 250þ
Lanos 4d.m.skotti árg 2000. ek.136þ. ný nagladekk.nýskoðaður.Tilboð 250þ. uppl í síma 891 9847.

## Bílar óskast

### Óska eftir bíl
Óska eftir bíl fyrir allt að 250.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

### Sparneytinn bíll óskast
Á 50-300 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 892-1994.

Óska eftir bíl til leigu frá og með feb. Greiðslu geta 35þ. ekki eldri en 01' árg. uppl S: 844 1744

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20 -120 þús. stgr. Sími 8966744

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónýtir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Vélsleðar

Vantar góðan Arctic cat M8 153, árg. 2007-2009. Upplýsingar í síma 8921277.

## Kerrur

Óska eftir vélakerru með burðargetu ca 2 tonn. Villi, s. 864 1220.

## Fellihýsi

### Skemmt fellihýsi
Til sölu Coleman fellihýsi 8 fet árg. 1996 skoðað 2011 nýjar fjaðrir legur, yfirfarið rafmagn í tengli og ljósum, gasmiðstöð, geymslukassi, skemmt, þarfnast frágangs á innréttingu verð 200.000- uppl. í síma 861-7600.

## Vinnuvélar

Til sölu fjölplógur á dráttarvél er með lyfti búnaði einnig snjóblásari víking 1300 passar á vél yfir 16 tonn. S. 892 3852.

Óska eftir verkfærum og tækjum á vinnuvéla og vörubíla verkstæði. T.d. loftpressu, gastækjum, rafsuðu og fleira. Villi, s. 864 1220.

## Bátar



Til sölu er skemmtibáturinn Hafgola III 37 feta trefjaplast bátur með tveim nýjum 240 HP Yanmar vélum og öllum nýjum siglingatækjum. Svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Báturinn er til sölu í einu lagi eða í 6 hlutum og þar af eru 4 hlutar til sölu. Áhugasamir geta haft samband með tölvupósti um upplýsingar og fyrirspurnir. rafael@isl.is

óska eftir færavindum DNG eða JR upp í síma 8492401

## Hjólbarðar

4 stk. nagladekk 185/65 R14 á Civic álf. á 40þ. 4 stk. 195/65 15" á Carina felgum á 20þ. 4 stk. 175/65 14" á Corolla felgum á 20þ. 4 stk 14" á Golf felgum á 20þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Varahlutir

### www.netpartar.is Bílapartasala
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

### JCB, STILL, IVECO, JIANSHE - fjórhjól
Ef þig vantar varahlut sem áður fékkst í Vélaveri borgar sig tvímælalaust að hringja í okkur. Við gætum átt hann til á góðu verði. Vélaborg Sími: 414-8600.

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95. Impreza '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99. Golf '95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

### Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

### Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### partabílar.is 770-6400
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

Er að rífa Musso '96-'04. Hyundai H 1 '99.Nissan Double Cap '97. Isuzu Trooper '99. Landrover Discovery '98. Lanos '00-'02. Nubira '02. Galloper '00. Cherokee '94. Ford 250 '04.Toy Double Cap '94. Korando '98. Kia Sportage '97.Opel Astra '97. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984.

# ÞJÓNUSTA

## Veislusalir

Þorrablót fyrir minni og stærri hópa, hagstætt verð s. 696 2242.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

### A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

### Garðyrkja
Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

## Bókhald




Bókhald,stofnun EHF, ársreikningar, VSK uppgjör, erfðarfjárskýrslur ofl. HAGSTÆTT VERÐ. S. 517-3977 framtal@visir.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Málarar

### Málarar
Tek að mér sandspörslun, málun, lökkun. Góð þjónusta og sanngjarnt verð. Kem á staðinn og geri verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Málningarþjónusta Egils. S. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Fjármál

ATOZ

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar, bókhadsl þjónusta, samningar við lánadrottna og viðskiptaáætlanir. atoz@atoz.is s. 588 4545.

## Húsaviðhald







**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

Einn smiður / trésmiður gerir við hús og sumarhús. Uppl. í S. 892 6958.

Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Uppl. í s. 661 3149.

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta



## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Eitt ódýrasta tölvuverkstæði bæjarins
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr!
Windows lagfæringar, vírushreinsanir, Mac/iPod viðgerðir
Ókeypis vírusvörn
Sími 588-9590/860-9970
www.tolvuhjalp.is
Vesturvör 32a Kópavogi
- Yfir 40 alþjóðlegar vottanir Frá Microsoft, Cisco, VMware, EMC, Dell ofl.
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtæki. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Dulspeki-heilun

Ég er byrjuð aftur með einkatíma í miðlun, upplýsingar í síma 891 9218 fyrir hádegi virka daga. Ingibjörg R Þengilsdóttir miðill.

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 849 3242.

Nudd 892 9576

## Spádómar

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 905 2500 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

## Veisluþjónusta



**FYRIR VEISLUNA**
Leigðu borðbúnaðinn fyrir þorrablótið, árshátíðina, fermingarveisluna eða hvaða veislu sem er í Leigumarkaði BYKO Mikið úrval af diskum, glösum bollum og hnífapörum. Leigum einnig út borð, stóla og veislutjöld. Nánari upplýsingar hjá LM BYKO í síma: 515-4020

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Ísskápur á 10þ. Þvottavélar á 15-30þ. Þurrkari á 20þ. Stór amerískur á 30þ. Uppþvottavél á 20þ. 28" TV á 12þ. Bílageislaspilari á 5þ. Barnakerra á 4þ. Frystikista á 20þ. Frystiskápur á 20þ. S. 896 8568.

Rúm, kingsize (193x203), 7 ára notkun, dýna, box, grind. Uppl. 844 4615 / ragnarmar@hotmail.com

20 ára hvít eldhúsinnrétting til sölu. Uppl. í s. 893 8003.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum)**
**Fríða frænka, Vesturgata 3, Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri

Óska e. að kaupa not. en í lagi: handsláttuvélar og sláttuorf. Nán. uppl. í síma 866-0471.

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verktakar. Allar vörur á 50-70% afslætti. Nánar á http://www.lettmot.is

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. Kassagítar Tilboð kr. 49.900.- m/pikup, innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra, ól, auka strengjasett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 44.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

**Trommusett**
Til sölu á góðu verði, nýlegt og nánast ónotað TAMA - trommusett. Uppl: 8640122 eftir 18:00.

## Verslun










## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

**ER ÞYNGDIN VANDAMÁL?**
Taktu af skarið og kynntu þér hvernig ná má varanlegum árangri með Herbalife. Einar, Dr. matvælavfr. 8942741.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir. Upplýsingar í S: 891 6447 Óli

Gott nudd - good massage. S. 844 0329.

**J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1**
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

Vantar þýskukennara fyrir 2 börn, 9 og 11 ára í Rvk, t.d. einu sinni í viku. Hafa bæði góðan grunn. Uppl. í síma 822 8586.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vígfússon.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

**30-60% afsláttur**
af öllum gæludýrum og gæludýravörum. Fiskó dalvegur 16A S:564-3364

## Ýmislegt

United 28" sjónvarp + skápur á hjólum til sölu. Tilboð. Uppl. sími 898 6725.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþ.vél, gardínur og öll ljós fylgja með**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

117 fm íbúð m. bílskúr ásamt góðu vinnurými í risi. Fyrirsp. á netfangið olafur@ief.is

**4 herbergja íbúði Grafarvoginum.**
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið í laus í byrjun febrúar. Verð 155 þús. pr, mán. S. 663 5791.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 45 þ. S. 824 6692.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Einstaklingur óskast sem meðleigjandi í frábæra íbúð á svæði 101 búin húsgögnum. Laus strax. S. 618 2100.

Íbúð til leigu, 60 fm, leigist með húsgögnum. V. 110 þús. á mán. Uppl. í S. 659 4403.

**NULL**
Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568-1848/691-4050. alla virka daga.

## Húsnæði óskast

Einstakling vantar íbúð í RVK. Greiðslugeta 50-80 þús. S. 844 9738.

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsi eða góðri íbúð til leigu í vesturbæ Kópavogs. Langtímaleiga. S. 858 0156

## Atvinnuhúsnæði

Fjölsk óskar eftir að kaupa eða leigja einbýli/raðhúsi í Fossvogi. S:8600430

Til leigu tvö góð 18fm skrifstofuherbergi í Hamraborg, Kópavogi. Aðgangur að kaffistofu og fundarherbergi. Möguleiki á stoðþjónustu s.s. bókhaldi, innheimtu, símsvörun og fl. Uppl. í síma 892-5118

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**óska eftir starfsfólki í dagvinnu, virka daga.**
**Hægt verður að leggja inn umsóknir í dag milli kl. 17-19 í Keiluhöllinni Öskjuhlíð.**

**Helgarstarfsfólk óskast**
**í verslun í miðbænum.**
**Ekki yngri enn 20 ára.**
**Áhugasamir sendi tölvupóst á : elmar@geysirshops.is**

Aukavinna í boði fyrir 25 ára og eldri við sölustörf nokkur kvöld í viku, erum í Hafnarfirði. Uppl. í s. 844 5222.




Vantar þig vinnu ? Vantar þig tekjur ? Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.aloelive.is - Atvinnutækifæri Guðmundur A Jóhannsson Sími. 772 6816.

## Atvinna óskast

Ungann mann vantar pláss í grásleppu í vor, er á höfuðborgarsvæðinu. Get unnið hvar sem er á landinu ef ég kemst í gistingu. Vanur og duglegur 866 7631 - Villi

Nokkuð reyndur forritari leitar eftir 50% forritunarstarfi. Uppl. í s. 896 8202, Sigurjón.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



Sögur Rauða Torgsins - ný upptaka! Nú eru yfir 500 djarfar upptökur íslenskra kvenna í sögum Rauða Torgsins! Ljúfir leikir, fantasíur og frásagnir. Hlustaðu í einrúmi og njóttu þín! Símar 905-2002 og 535-9930. Nýjasta upptakan (heitur einleikur ungrar konu) er nr. 8731.



# Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar eru alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.750 kr., texti og mynd. (80–100 innslættir + mynd).**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Bíladagar – markaðstorg með bíla

## Fasteignir

**LYNGVÍK**
**FASTEIGNASALA**
**SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK SÍMI: 588-9490**



**ÞANGBAKKI - LAUS STRAX**
Til sölu góð 70 fm 2ja herbergja íbúð á 7.hæð áhv. 17,0 m íbúðalánasjóður. Verð 18,9 m.

**Allar nánari uppl. veitir Steinar S. Jónsson lögg. leigumiðlari. Steinar@lyngvik.is, S: 898-5254**

**SIGRÚN GISSURARDÓTTIR LÖGG. FASTEIGNASALI**

## Styrkir

# Styrkir

## Barnavinafélagið Sumargjöf

**auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 15. febrúar 2010.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 14. janúar 2010.
Barnavinafélagið Sumargjöf
Pósthólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjof@simnet.is

## Tilkynningar

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um þjóðaratkvæðagreiðslu

Með vísun til 1. gr. laga nr. 4/2010, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, er hér með ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram hinn 6. mars 2010 um framtíðargildi laga nr. 1/2010 um breytingu á lögum nr. 96/2009 um heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar. Því ber að leggja lögin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðslan fer fram á sömu kjörstöðum og notast er við í almennum kosningum. Munu einstök sveitarfélög auglýsa með venjulegum hætti nánar um kjörstaðina skömmu fyrir atkvæðagreiðsluna, m. a. hvenær þeir eru opnir, hvar þeir eru, hvernig skipt er í kjördeildir, o.fl. Kjósendur eru beðnir að kynna sér vel þær upplýsingar.

Kosningarrétt við þjóðaratkvæðagreiðsluna hafa þeir kjósendur sem hafa kosningarrétt til Alþingis, samkvæmt 2. gr. laga nr. 4/2010, sbr. 1. gr. laga nr. 24/2000.

Kjörskrár verða útbúnar á grundvelli kjörskrárstofns sem Þjóðskrá lætur sveitarstjórnum í té og unninn verður hinn 13. febrúar nk. Skulu kjörskrár lagðar fram hjá sveitarstjórnum almenningi til sýnis eigi síðar 27. febrúar nk. á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal hefjast frá og með 28. janúar 2010.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið,
19. janúar 2010.


vísir.is
„...ég sá það á vísi"

Blaðberinn býður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Kaupleiguíbúðir í Reykjanesbæ
Nýjar íbúðir til leigu, án vísitölu.
Leigan gengur beint upp í kaupin að leigutíma liðnum.
Íbúðinar eru fullbúnar með gluggatjöldum og öllum heimilistækjum, þ.m.t. þvottavél og þurkara.
Kynnum líka nýtt sölufyrirkomulag við kaup í beinni sölu.
www.es.is
Smelltu hér
Nesbyggð
www.nesbyggd.is



Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 91, Reykjanesbæ, Sími 420-4050 – 894-2252

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Rannsóknir FME: Grein 3 af 4

# Gylliboð um fjárfestingar

UMRÆÐAN
Ómar Þór Ómarsson skrifar um fjársvik


ÓMAR ÞÓR ÓMARSSON

Margir fjárfestingarmöguleikar eru í boði fyrir hvern þann sem er í leit að ávöxtun. Undanfarin ár hefur erlendum vefsíðum fjölgað mjög sem kynna möguleika á fjárfestingarþjónustu fyrir einstaklinga þ.e. almenna fjárfesta. Slíkar vefsíður bjóða viðskiptavinum sínum þá þjónustu að opna sérstakan reikning hjá sér gegn tryggri og góðri ávöxtun af fjárfestingum á gjaldeyrismarkaði eða öðrum mörkuðum. Starfsemin er oftast með því sniði að viðskiptavinur leggur inn ákveðna upphæð, sem vanalega er bundin, og fær svo til baka mánaðarlegar greiðslur sem ávöxtun af höfuðstólnum. Flestar vefsíður lofa einnig að veita viðskiptavinum töluverða þóknun ef þeir skrá nýja viðskiptavini. Það er því hagur hvers viðskiptavinar að fá sem flesta aðra til að skrá sig. Þessar vefsíður hafa laðað til sín fjárfesta um allan heim og Ísland er þar engin undantekning.

Full ástæða er til að varast þessar vefsíður. Til eru mörg þekkt tilvik erlendis um að félög, sem reka vefsíður af þessar gerð, séu ekki með starfsleyfi og stundi svikastarfsemi. Svikin fara þannig fram að þeir aðilar sem stýra vefsíðunum safna að sér fé frá eins mörgum viðskiptavinum og hægt er, og greiða þeim svo til baka mánaðarlegar greiðslur sem ávöxtun af því fé sem viðskiptavinirnir sjálfir leggja fram, en fjárfesta í raun aldrei á markaði á neinum tímapunkti. Að lokum hætta félögin vanalega starfsemi vefsíðunnar og eigendur hennar hverfa á brott með alla þá peninga sem viðskiptavinir hennar höfðu lagt til. Viðskiptavinirnir eru í flestum tilvikum skildir eftir gjörsamlega vonlausir um að endurheimta peningana sína. Svik af þessu tagi eru oft kölluð „pýramída svik“ eða „ponzi svik“ eftir frægum svikahrappi. Þau eru dæmd til að falla um sjálf sig því forsenda fyrir þeim er stöðugt innstreymi af nýju fjármagni frá nýjum viðskiptavinum.

**Dæmi um „viðskipti“**

Tökum lítið dæmi. Jón Jónsson leggur inn 100 krónur hjá erlendri vefsíðu sem lofar 10% ávöxtun á mánuði með því að fjárfesta á gjaldeyrismarkaði. Jón fær 10 krónur á mánuði greiddar til sín sem ávöxtun. Félagið fjárfestir aldrei á gjaldeyrismarkaði heldur notar 100 krónurnar sem það fær upprunalega frá Jóni til að greiða honum þessar 10 krónur af hans eigið fé í allt að 10 mánuði þar til greiða þarf með fé annarra. Félagið getur lokað vefsíðunni á hvaða tímapunkti sem er og hirt þá peninga sem eftir liggja. Ef það hættir til dæmis á fjórða mánuði hefur það greitt Jóni 40 krónur í ávöxtun en hirðir af honum 60 krónur sem hann glatar. Það að vefsíðurnar endurgreiði til baka mánaðarlega ávöxtun eykur trú á starfsemina til muna og er í raun undirstaða þess að svikin virka svo vel sem raun ber vitni. Þær geta því í vissum tilvikum haldið starfsemi sinni áfram í nokkurn tíma, í sumum tilfellum í fjölmörg ár, áður en þær loka eða upp kemst um þær. Þeir viðskiptavinir sem fá greitt út mánaðarlega verða ánægðir með þjónustuna og ákveða margir að endurfjárfesta með hærri upphæðum og jafnframt byrja að segja vinum og vandamönnum frá þessari fjárfestingarleið. Sem dæmi má nefna nýleg heimsfræg fjárfestingasvik Barney Maddoff, sem talin eru vera stærstu „ponzi svik“ allra tíma og stóðu í rúm 20 ár. Honum tókst að svíkja um 65 milljarða dollara af um 5.000 fjárfestum og hlaut 150 ára fangelsisdóm fyrir vikið.

**Gerist þetta hér?**

Margir hugsa ef til vill með sér að svik af þessu tagi séu nú bara eitthvað sem þeir lesi um í blöðum eða sjái í sjónvarpi. Sannleikurinn er hins vegar sá að fjölmargir Íslendingar hafa skráð sig í fjárfestingarþjónustu erlendis og dæmi eru um að íslenskir viðskiptavinir slíkra síðna hafi haldið sérstakar sölukynningar hérlendis til að fá fleiri þátttakendur til að skrá sig. Það hafa jafnvel verið stofnuð sérstök félög, vefsíður og síður á samskiptavefnum Facebook til að kynna þjónustuna. Eins og nefnt er hér að framan fá núverandi viðskiptavinir töluverða þóknun af því að fá fleiri til að skrá sig. Slíkar sölukynningar geta verið mjög sannfærandi, sérstaklega með tilliti til þess að þeir sem standa á bakvið þær vita ef til vill ekki betur en að starfsemi erlendu vefsíðunnar sé í lagi. Fjármálaeftirlitið birti frétt vegna fjölda fyrirspurna um íslenska félagið Finanzas Forex í september 2008, en félagið hafði staðið að kynningu á erlendri vefsíðu með sama heiti sem hefur nú verið fryst af bandarískum yfirvöldum fyrir „ponzi svik“ og peningaþvætti. Íslenska félagið lokaði vefsíðu sinni í kjölfar fréttarinnar. Fjármálaeftirlitin í Frakklandi og á Spáni hafa einnig birt aðvaranir vegna erlendu vefsíðunnar Finanzas Forex. Þess má geta að Fjármálaeftirlitið birtir aðvaranir á heimasíðu sinni sem má finna á eftirfarandi slóð: http://www.fme.is/?PageID=565

**Ummerki sem fjárfestar ættu að varast:**

- Gylliboð um reglulega og óraunhæfa ávöxtun, sem er töluvert hærri en sambærilegir fjárfestingarmöguleikar á markaði, allt frá 10% á mánuði til 100% á dag.
- Skilaboð um að ekki sé hægt að tapa á þessari einstöku fjárfestingarleið.
- Vefsíðan er skráð í löndum þar sem lítið sem ekkert eftirlit er með markaði. Til að mynda eru gjaldeyrisviðskipti ekki eftirlitsskyld í Panama þar sem mikið er um félög með vafasamar vefsíður sem bjóða fjárfestingar á gjaldeyrismarkaði.
- Vefsíðan og sölumenn hennar leggja miklu meiri áherslu á hversu mikið viðskiptavinir græða en hvernig farið er að því að afla þessa gróða.
- Mikil áhersla er lögð á að starfsemi heimasíðunnar sé heimsþekkt og rótgróin en lítið er að finna um hana á leitarsíðum.
- Vefsíðan er nýlega skráð.
- Flestar vefsíður taka einungis við greiðslum í dollurum.
- Litlar upplýsingar eru um hvaða þóknun félögin taka fyrir þjónustuna.
- Vefsíðan virðist oft þurfa að skipta um bankareikninga.
- Vefsíðurnar biðja um ítarlegar persónulegar upplýsingar við stofnun reikninga fyrir viðskiptavini svo sem afrit af vegabréfi, reikningsnúmer, heimilisfang og fleira sem getur verið mjög varasamt að gefa upp á internetinu.
- Vefsíðurnar eru í mörgum tilvikum mjög fagmannlegar með margvíslegum gröfum, tölfræðigögnum og fáguðum viðskiptaorðum sem notuð eru til að sannfæra fólk um að hér sé löggilt starfsemi í gangi. Því getur reynst erfitt að meta áreiðanleika þeirra út frá útliti.

Það er ljóst að það getur verið feikilega áhættusamt að stunda fjárfestingar hjá erlendum félögum sem reka vefsíður með fjárfestingarþjónustu. Höfundur varar alla landsmenn við því að taka þátt í slíkum fjárfestingum og biður alla þá sem hafa orðið varir við starfsemi, sem sýnir ofangreind ummerki, að tilkynna Fjármálaeftirlitinu hana. Höfundur ítrekar enn fremur að kynning eða sala á erlendum fjárfestingarkostum til almennings á Íslandi er starfsleyfisskyld.

*Höfundur er sérfræðingur á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins.*

RISAÚTSALA
Bækur allra forlaga á einum stað


Okkar langstærsta útsala af nýjum titlum til þessa. Kynnið ykkur úrvalið í verslunum okkar.
Opið til 22 öll kvöld á Skólavörðustíg, Austurstræti og Akureyri
...hvað ert þú að lesa?
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

pítu PARTÝ
allar PÍTUR m/frönskum & gosi
995.-
15.-31. JAN.
pítan
SKIPHOLTI 50c SÍMI 562 9090
STOFA 53

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

VIÐ STYÐJUM Þorbjörgu Helgu í 2. sætið


Ingimundur Sigfússon, fv. sendiherra


Guðmundur Ólafsson, framhaldsskólakennari


Ólafur Stefánsson, handboltamaður


Guðný Björk Eydal, prófessor í félagsráðgjöf


Helga K. Sigurðardóttir, dagforeldri


Guðrún Inga Torfadóttir, lögfræðingur



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Þóra Kristjánsdóttir Sandholt

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 14. janúar, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju, þriðjudaginn 26. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er vinsamlegast bent á að láta Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda njóta þess.

**Erla R. Sandholt** — **Tómas Sigurðsson**
**Sverrir Sandholt** — **Sigríður B. Sigurðardóttir**
**Stefán H. Sandholt** — **Olga B. Magnúsdóttir**
**Jón Eiríksson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Kristjana Bergþóra Sigurjónsdóttir

Túngötu 13, Sandgerði,

lést þann 14. janúar sl. á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði föstudaginn 22. janúar kl. 14.00. Bestu þakkir til starfsfólks á B-2 taugalækningadeild fyrir mjög góða umönnun.

**Sigursveinn Guðmann Bjarnason**
**Erla Sigurbjörg Sigursveinsdóttir** — **Gunnar Guðbjörnsson**
**Guðlaugur Vignir Sigursveinsson** — **Rannveig Grétarsdóttir**
**Þóra Kristín Sigursveinsdóttir** — **Heimir Morthens**
**Jón Bjarni Sigursveinsson** — **Júlía Stefánsdóttir**
**Heimir Sigursveinsson** — **Aldís Búadóttir**
**Inga Sigursveinsdóttir** — **Eiríkur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Rósa María Sigurgeirsdóttir

Bakka, Melasveit,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 13. janúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, laugardaginn 23. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gjafa- og minningarsjóð Sjúkrahúss Akraness.

**Fanney Valdís Guðbjörnsdóttir** — **Stefán Jónas Þorsteinsson**
**Jóhann Þórðarson** — **Sigrún Birna Svavarsdóttir**
**Sigvaldi Geir Þórðarson** — **Valdís Ragnheiður Jakobsdóttir**
**Sigurður Björn Þórðarson** — **Ásta María Einarsdóttir**
**Sigurgeir Þórðarson** — **Sigríður Kristjánsdóttir**
**Sigríður Þórdís Reynisdóttir** — **Rafn Elfar Svanbergsson**
**og ömmubörn.**



*Ástkær bróðir okkar, móðurbróðir og frændi,*

## Eggert Kristmundsson

Bóndi, Efri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 21. janúar kl. 13.00.

**Elín Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving Kristmundsdóttir**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Gísli Scheving Kristinsson**
**Skarphéðinn Scheving Einarsson**
**Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir** — **Guðmundur Steingrímsson**
**Svanur Már Skarphéðinsson** — **Brynja Hafsteinsdóttir**
**Kristmundur Skarphéðinsson** — **Ingunn Lúðvíksdóttir**
**Elín Kristín Skarphéðinsdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Guðjón Árni Guðmundsson,

húsasmíðameistari, Máshólum 2, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 21. janúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Hvalsneskirkjugarði.

**Guðlaug Kristófersdóttir**
**Birgit Guðjónsdóttir** — **Christian Alexander Klempert**
**Guðrún Jónína Guðjónsdóttir**
**Kristinn Helgi Guðjónsson** — **Jóna Svava Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær sambýlismaður minn og bróðir okkar,*

## Hjörleifur Bjarki Guðmundsson

vélfræðingur frá Karlsá, Rauðalæk 14,

andaðist að heimili sínu 10. janúar. Útför verður frá Fossvogskirkju 21. janúar kl. 15.00.

**Nanna Kristín Guðmundsdóttir og syskini.**



*Elskulegur maður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

## Hálfdán Björn Guðmundsson

vélstjóri,

lést af slysförum í Noregi, mánudaginn 11. janúar sl. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Anna Auðbergsdóttir**
**Auðbergur Daníel Hálfdánarson**
**Grétar Berg Jónsson** — **Embla Sigurgeirsdóttir**
**Sandra Kristína Jónsdóttir** — **Gísli Elí Guðnason**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Ólafur Jónsson

Lómasölum 12, Kópavogi,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 17. janúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju 27. janúar kl. 13.00.

**Björg Sigríður Kristjánsdóttir**
**Kristján Grétar Ólafsson** — **Sólveig Guðmundsdóttir**
**Guðrún Björg Ólafsdóttir** — **Guðmundur Jón Kristjánsson**
**Helgi Jón Ólafsson** — **Erna Ósk Guðnadóttir**
**og afabörnin.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Rögnvaldur Árnason

áður til heimilis í Einilundi 2, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. janúar kl. 13.30.

**Lína Þorkelsdóttir**
**Þorkell Ingi Rögnvaldsson**
**Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir** — **Óskar Smári Haraldsson**
**Heiðar Rögnvaldsson**
**Heimir Rögnvaldsson** — **Guðrún Björg Steinþórsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

**MICHAEL HUTCHENCE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1960.**

*„Konur eru ótrúlegar þegar þær hópa sig saman. Ógnvekjandi. Karlmenn eiga ekkert í þær.“*

***Michael Hutchence (1960-1997) var söngvari áströlsku popphljómsveitarinnar INXS, sem var starfandi í tvo áratugi og gaf út margar vinsælar plötur og lög.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BIRGIR OG ARNAR MÁR** Allur ágóði tónleikanna fer til styrktar hjálparstarfi á Haítí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skylda að hjálpa

„Við erum mjög ánægðir með viðbrögðin sem við höfum fengið við þessum tónleikum. Allir eru rosalega jákvæðir og tilbúnir að leggja sitt af mörkum,“ segir Arnar Már Friðriksson, sem ásamt Birgi Sævarssyni stendur fyrir tónleikum til styrktar hjálparstarfi á Haítí á Nasa í kvöld. Allur ágóði tónleikanna rennur til Rauða krossins.

Arnar Már segir að honum hafi verið illa brugðið þegar hann vaknaði síðastliðinn miðvikudagsmorgun og sá í sjónvarpinu hörmungarnar sem átt höfðu sér stað á Haítí daginn áður. „Mér brá rosalega. Þarna sá maður heilu raðhúsalengjurnar leggjast saman á örfáum sekúndum og eyðileggingin mikil. Ég og Birgir förum strax að velta því fyrir okkur hvort við gætum ekki gert eitthvað til að hjálpa þessu fólki sem á um sárt að binda,“ segir Arnar Már og bætir við að tónleikarnir hafi í fyrstu átt að vera heldur smærri í sniðum en hugmyndin hafi undið upp á sig.

**Þeir sem koma fram á tónleikunum í kvöld eru:** Páll Óskar, Stefán Hilmarsson, Jóhanna Guðrún, Buff, Helga Möller og Jóhann Helgason, Dikta, Dalton, Ragnheiður Gröndal, Haffi Haff, Erpur Eyvindarson, Friðrik Ómar, Jógvan, Birgitta Haukdal, Hreimur, Mammút, Silfur, Trúton, Böddi, Arnar Már og Biggi.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Nasa, Miller og Dominos og verður húsið opnað klukkan 19. Miðaverð er 1.000 krónur og fer miðasala fram á midi.is og í anddyri. Arnar Már lofar góðri skemmtun. „Það er skylda okkar sem hluti af mannkyninu að hjálpa þessu fólki,“ segir Arnar Már.



*Elskuleg mágkona mín,*

## Guðrún Guðmundsdóttir

Dalbraut 16, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala laugardaginn 16. janúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jónína Sigurborg Jónasdóttir.**



*Elskulegur eiginmaður minn , faðir, afi og langafi,*

## Pálmi Árnason

Sléttuvegi 7, Reykjavík / frá Látrum í Aðalvík,

lést föstudaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, þriðjudaginn 26. janúar kl. 15.00.

**Ólafía Sveinsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21/1 kl. 20:00 U | Fim 28/1 kl. 20:00 Ö | Mið 17/2 kl. 20:00 |
| Fös 22/1 kl. 20:00 U | Fös 5/2 kl. 20:00 U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síð. sýn. |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Síðasta sýning 18. febrúar.



## Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas. U | Sun 14/2 kl. 19:00 Ö | Sun 14/3 kl. 19:00 |
| Lau 23/1 kl. 19:00 U | Sun 21/2 kl. 15:00 Ö | Sun 21/3 kl. 15:00 |
| Fös 29/1 kl. 19:00 U | Sun 21/2 kl. 19:00 Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 |
| Lau 30/1 kl. 15:00 U | Sun 28/2 kl. 15:00 Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 |
| Lau 30/1 kl. 19:00 U | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 |
| Lau 6/2 kl. 15:00 U | Sun 7/3 kl. 15:00 Ö | Sun 28/3 kl. 15:00 |
| Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 7/3 kl. 19:00 Ö | |
| Sun 14/2 kl. 15:00 Ö | Sun 14/3 kl. 15:00 | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



## Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 23/1 kl. 15:00 | Lau 30/1 kl. 15:00 | |
| Sun 24/1 kl. 16:00 Ö | Sun 31/1 kl. 15:00 | |

Undurfalleg sýning fyrir yngstu leikhúsgestina!



## Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



## Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Sun 21/3 kl. 13:00 U | Sun 28/3 kl 15:00 |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 13:00 Ö | Lau 10/4 kl 15:00 |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 Ö | Sun 11/4 kl 13:00 |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 | Sun 11/4 kl 15:00 |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



## Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.


# Aldrei aftur að vera stolt?

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Þegar ég var bólugrafinn unglingur vaknaði ég eitt sinn með heiftarlega bakþanka og alls ólíkum þeim sem finnast á síðum Fréttablaðsins. Ég hafði verið nærri því að næla í fallegustu skvísuna á ballinu kvöldið áður en skortur á áræðni varð til þess að ég vaknaði með bakþanka en ekki með skvísunni.

**ÉG ÆTLAÐI** aldeilis að draga lærdóm af þessu. Það skorti ekkert á áræðnina eftir þetta og helgina á eftir lét ég ekki deigan síga fyrr en foreldrar stúlkunnar hótuðu að kalla á lögregluna. Ég áttaði mig á því þar sem ég stóð rámur í snjóskafli fyrir utan glugga stúlkunnar með gítarinn í fanginu að viðsnúningurinn hafði verið full öfgakenndur.

**ÉG FÆ** það stundum á tilfinninguna að við Íslendingar höfum einmitt tilhneigingu í þessa átt. Við erum stundum eins og unglingar sem gera algjöran viðsnúning á leið sinni við fyrstu hindrun þegar heillavænlegra gæti reynst að læra af þrautinni með lagni.

**TIL DÆMIS** er engum blöðum um það að fletta að við vorum heimskulega stolt af okkar útrásarvíkingum. Nú erum við hins vegar með bakþanka og ætlum að læra af þeim mistökum og lexían tekur okkur ekki neinum vettlingatökum. Af athyglisverðri grein sem Pawel Bartoszek skrifaði í Fréttablaðið 15. janúar síðastliðinn og því einróma lofi sem hún hlaut um víða bloggheima skilst mér nú að ekki þyki góð latína að vera stoltur af íslenska björgunarfólkinu sem varð með þeim fyrstu til að koma sér að verki á Haítí. Utanríkisráðherra fær einnig bágt fyrir að hafa orðið stoltur af því að íslenska stjórnsýslan hafði reynst vel og liðkað þannig fyrir skjótum viðbrögðum.

**ÞAÐ ER** einmitt í neyðartilfellum sem hugarþelið kemur í ljós. Það er einnig þá sem það sést hvort stjórnsýslan er samansett af fólki sem er í raun að vinna í þágu annarra eða situr í bákninu til að fá öryggi eða hégómlega sæmd. Skjót viðbrögð eru eitt af lykilatriðunum við björgun. Gott hugarþel og hæfileg áræðni eru dyggðir svo eflaust ætti stoltið fullan rétt á sér í venjulegu árferði.

**ÞÓTT VIÐ** höfum einu sinni gert okkur að fíflum með því að vera stolt skulum við ekki láta eins og unglingur í sinni fyrstu ástarsorg sem heitir því að elska aldrei aftur.


# Miele




## Sparaðu með Miele

**Miele** þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 klst.




**Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi**

| | | Staðgreiðsluverð |
|---|---|---|
| **Þvottavél W1634** | 1400 sn/mín/6 kg/ísl. stjórnborð | **177.950** |
| **Þvottavél W1714** | 1400 sn/mín/6 kg/ ísl. stjórnborð | **196.950** |
| **Þurrkari T7634** | f. barka/6 kg/m. rakaskynjara | **151.450** |
| **Þurrkari T7644C** | m. þétti/6 kg/m. rakaskynjara | **166.660** |

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Er í raun óafsakanlegt

Arnór Atlason átti glæsilegan síðari hálfleik í leik Íslands og Serbíu í dag og var einn af fáum ljósum punktum þegar allt gekk á afturfótunum hjá Íslandi. „Það hjálpar ekkert til. Við töpuðum einu stigi í kvöld hvernig sem á það er litið. Við vorum með forystuna allan leikinn og því á þetta ekki að geta gerst. Þetta er í raun óafsakanlegt, hvernig sem á það er litið.“



sport

sport@frettabladid.is

**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON OG GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON: VIÐBRÖGÐ EFTIR LEIKINN GEGN SERBUM**

# *Tók vítakastið af því að Óli benti á mig*

Snorri Steinn Guðjónsson var ólíkur sjálfum sér í leik Íslands og Serbíu á EM í handbolta í gær. Hann nýtti aðeins eitt af fimm skotum sínum í leiknum og misnotaði bæði vítin sem hann tók í leiknum. Annað þeirra þegar leiktíminn var útrunninn og Ísland varð þar með að sætta sig við jafntefli, 29-29.

Hin vítaskytta liðsins, fyrirliðinn Ólafur Stefánsson, var einnig búinn að misnota víti í leiknum en hafði þó skorað eitt líka. „Við Óli horfðum hvor á annan og hann benti á mig. Þá var það mitt að taka vítið,“ sagði Snorri Steinn við Fréttablaðið eftir leikinn. „Ég hef oft áður tekið svona víti en í kvöld tókst það bara ekki. Ég hélt að ég myndi skora – annars hefði ég ekki tekið það.“

Snorri gengst fúslega við því að hann hafi oft spilað betur en í gær. „Ég var lélegur í kvöld og ætla ekkert í felur með það. Liðið allt var þó ekki á hælunum og við eigum enn fullt inni. Við eigum að geta unnið þetta lið Serba stórt með okkar besta leik. En mótið er ekki búið. Þetta var þó jafntefli en ekki tap og ætlum við nú að vinna þá tvo leiki sem við eigum eftir í riðlinum.“

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var vitaskuld afar niðurlútur eftir leikinn. „Varnarleikurinn í síðari hálfleik var mjög slakur og það var hreint ótrúlegur munur á varnarleiknum í fyrri hálfleik og svo þeim síðari. Við vorum heldur ekki að nýta okkur nægilega vel að vera í yfirtölu og það ásamt varnarleiknum er eitthvað sem við þurfum að læra af og bæta.“



Hann sagði að þrátt fyrir slaka frammistöðu í síðari hálfleik hefði íslenska liðið átt að landa sigri í leiknum.

„Við vorum algerlega með þá. Þess vegna er þetta svona svekkjandi. Það sem gerðist hjá okkur í síðari hálfleik var algjörlega óþarft en þrátt fyrir það vorum við fjórum mörkum yfir þegar fimm mínútur voru eftir. Það á að duga til sigurs. En það tókst ekki og svona eru bara íþróttirnar stundum. Við hefðum orðið ægilega glaðir ef Snorri hefði skorað úr vítinu en nú brást honum bogalistin. Það er bara eins og það er. Við eigum erfiðan leik gegn Austurríki næst og þurfum bara að taka hann.“

## ÚRSLIT

*EM í Austurríki:*

| | |
|---|---|
| Ísland-Serbía | 29-29 (15-11) |

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 9 (12), Arnór Atlason 7 (12), Róbert Gunnarsson 4 (5), Ólafur Stefánsson 4/1 (10/2), Ingimundur Ingimundarson 2 (3), Alexander Petersson 2 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (5/2).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 13 (30/2, 43%), Hreiðar Guðmundsson 7/1 (19/3, 37%).
Hraðaupphlaup: 10 (Guðjón Valur 5, Ingimundur 2, Snorri Steinn 1, Ólafur 1, Alexander 1).
Fiskuð víti: 4 (Róbert 3, Guðjón Valur 1).
Utan vallar: 10 mínútur.
Mörk Serbíu (skot): Momir Ilic 7/4 (14/5), Ivan Stankovic 6 (7), Alem Toskic 4 (5), Nenad Vuckovic 4 (5), Zarko Sesum 3 (7), Aleksandar Stojanovic 2 (5), Dobrivoje Markovic 1 (1), Petar Nenadic 1 (2), Nikola Kojic 1 (5).
Varin skot: Darko Stanic 16/2 (42/2, 38%), Dejan Dimitrije Pejanovic 0 (3/1).
Hraðapphlaup: 5 (Sesum 1, Ilic 1, Markovic 1, Vuckovic 1, Nenadic 1).
Fiskuð víti: 5 (Stojanovic 1, Toskic 1, Ilic 1, Vilkov ski 1, Stankovic 1).
Utan vallar: 12 mínútur.
Dómarar: Methe-bræður, strangir en samkvæmir sjálfum sér.

**A-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Rússland-Úkraína | 37-33 |
| Króatía-Noregur | 25-23 |

**B-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Danmörk-Austurríki | 33-29 |

**C-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Þýskaland-Pólland | 25-27 |
| Svíþjóð-Slóvenía | 25-27 |

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Spánn-Tékkland | 37-25 |
| Frakkland-Ungverjaland | 29-29 |



**GÓÐIR SPRETTIR** Dagur Sigurðsson fylgist með sínum mönnum. MYND/AFP

Dagur eftir tap fyrir Dönum:

## Nú snúum okkur að Íslandi

**HANDBOLTI** Lærisveinar Dags Sigurðssonar stóðu í Evrópumeisturum Dana í fyrri leiknum í okkar riðli en urðu að lokum að sætta sig við fjögurra marka tap, 29-33.

„Nú þurfum við einfaldlega að bretta upp ermarnar og snúa okkur að næsta leik sem verður gegn Íslandi. Ég er ánægður með hvernig mínir menn spiluðu í dag. Danir reyndu að stjórna leiknum en okkur tókst að stöðva þá á mörgum sviðum,“ sagði Dagur eftir leikinn. - esá

# Fimm hræðilegar mínútur í Linz

**Íslendingar vilja gleyma síðustu fimm mínútunum í leik Íslands og Serbíu á EM í handbolta í gær sem allra fyrst. Þá misstu strákarnir unninn leik úr höndunum og urðu að lokum að sætta sig við jafntefli, 29-29.**

**HANDBOLTI** Ísland gerði í gær jafntefli við Serbíu, 29-29, í fyrstu umferð riðlakeppninnar á EM í Austurríki. Niðurstaðan er einkar svekkjandi í ljósi þess að íslenska liðið spilaði glæsilega í fyrri hálfleik og var með pálmann í höndunum allt þar til fimm mínútur voru til leiksloka. Þá dundu ósköpin yfir.

Serbía skoraði síðustu fjögur mörk leiksins í gær og til að bæta gráu á svart lét Snorri Steinn Guðjónsson verja frá sér víti þegar leiktíminn var útrunninn. Íslenska liðið getur þó þrátt fyrir allt huggað sig við að þó svo að það hafi fengið að bíta í ansi súrt epli í Linz í gær er það þó með eitt stig í riðlinum.

Það var greinilegt að Guðmundur landsliðsþjálfari var búinn að vinna heimavinnuna sína fyrir leikinn því það var ekkert í leik Serbanna sem kom íslensku strákunum á óvart. Serbarnir voru hreinlega teknir í bólinu sem sást best á því að þeir tóku leikhlé eftir aðeins fimm mínútna leik. Þá var staðan 3-0 en Íslendingar samt búnar að klúðra tveimur dauðafærum og víti.

Þessi góða byrjun Íslands var ekki síst hreint frábærri markvörslu Björgvins Páls að þakka. Þegar Serbarnir unnu sig aftur inn í leikinn var það Björgvin sem hélt þeim í skefjum – nánast einn síns liðs. Hann varði alls þrettán skot í fyrri hálfleik og var með 57 prósenta markvörslu. Hreint ótrúlegar tölur.

Íslenska vörnin byrjaði vel og var dugleg að sækja út í skyttur Serbanna sem voru því neyddir til að taka skot af löngum færum. Það skilaði sér í sjö hraðaupphlaupsmörkum í fyrri hálfleik en Guðjón Valur fór þar mikinn eins og svo oft áður. Hann nýtti raunar öll sín færi vel og skoraði alls sjö mörk í hálfleiknum. Mörkin í þeim síðari urðu aðeins tvö.

Munurinn var fjögur mörk í hálfleik, 15-11, en hann hefði þó getað verið miklu meiri miðað við hversu vel liðið spilaði fyrstu 30 mínútur leiksins.

Það var svo í síðari hálfleikur sem leikur íslenska liðsins hrundi. Tónninn var strax gefinn þegar Serbar röðuðu inn hverju markinu á fætur öðru og þar fór fremstur í flokki Ivan Stankovic sem kom ekkert við sögu í fyrri hálfleik. Hann fékk greiðan aðgang að íslenska markinu og skoraði alls sex mörk úr sjö skotum. Serbnesku mörkin í seinni hálfleik urðu alls átján.

Það var engu líkara en að strákarnir hættu skyndilega að spila góðan varnarleik og fyrsta skotið var ekki varið fyrr en vel var liðið á síðari hálfleikinn.

Þrátt fyrir allt þetta var útlitið nokkuð gott. Hreiðar kom inn á í stað Björgvins og varði nokkuð vel á kafla og Arnór skoraði sex mörk í seinni hálfleik, hvert öðru laglegra. Munurinn var fjögur mörk, 29-25, þegar fimm mínútur voru eftir og útlitið enn nokkuð gott.

Það gekk bókstaflega allt á afturfótunum á þessum síðustu mínútum á meðan Serbar söxuðu á forskotið hægt og rólega. Meira að segja vítið sem Róbert nældi sér í þegar þrjár sekúndur voru eftir dugði ekki til. Ólukkan var algjör.



**HART TEKIÐ Á MÓTI RÓBERTI** Róbert Gunnarsson kemst hér lítið áleiðis á móti Serbum í leiknum í gær. Hann átti seinna eftir að fiska vítakastið sem hefði getað skilað íslenska liðinu sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/LEENA MANHART



EM Í AUSTURRÍKI
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Linz*
eirikur@frettabladid.is

Manchester City vann 2-1 sigur á United í undanúrslitum enska deildarbikarsins:

## Tevez sendi skilaboð með tveimur mörkum



**FÓTBOLTI** Carlos Tevez skoraði bæði mörk Manchester City í 2-1 sigri á gömlu félögunum í Manchester United í fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins í gær og sendi að því er virtist stuðningsmönnum United skilaboð í fagnaðarlátunum. Tevez þóttist vera að hlusta eftir viðbrögðum þeirra við mörkum sínum í leiknum en Argentínumaðurinn hefur nú skorað þrjú mörk í tveimur leikjum sínum á móti United á tímabilinu.

Manchester United vaknaði af værum blundi eftir seinna mark Tevez og var í stórsókn það sem eftir lifði leiks. Manchester United fékk fjölda færi í seinni hálfeik til að jafna leikinn en boltinn vildi bara ekki inn í markið. Shay Given, markvörður Manchester City, átti þarna enn einn stórleikinn og varði sem dæmi hvað eftir annað frá Wayne Rooney.

Ryan Giggs kom Manchester United í 1-0 eftir 17 mínútna leik með sínu fyrsta marki í Manchester-slag síðan árið 1996. Shay Given varði skot frá Wayne Rooney en Giggs fylgdi vel á eftir og skoraði af stuttu færi.

Carlos Tevez jafnaði úr umdeildri vítaspyrnu á 43. mínútu. Vítaspyrnan var dæmd á Brasilíumanninn unga Rafael da Silva fyrir að toga í treyju Craig Bellamy. Carlos Tevez skoraði síðan sigurmarkið á 65. mínútu með skalla eftir sendingu Vincent Kompany. Markið kom í kjölfarið á pressu City eftir hornspyrnu. - óój



# ÞORGRÍMUR ÞRÁINS OG JÓI FEL AUGLÝSA THE SILVER

**Íslensku landsliðshetjurnar Björgvin Páll Gústavsson og Logi Geirsson hefja Evrópumótið í Austurríki með stæl. Í dag koma á markað tvær nýjar tegundir í hárgelslínunni þeirra, The Silver. Þær heita Look 3 og The New Look.**



**KOMNIR Í SILFUR-ÆVINTÝRIÐ** **Þorgrímur Þráins**, **Jói Fel** og **Ragnheiður Gröndal** eru meðal þeirra sem auglýsa tvær nýjar tegundir af hárgelinu The Silver sem landsliðsmennirnir **Logi Geirsson** og **Björgvin Páll Gústavsson** eru ábyrgir fyrir. Alls hafa í kringum tíu þúsund dósir selst af The Silver-gelinu.

Landsliðsmennirnir Björgvin Páll og Logi Geirsson eru stórhuga þegar kemur að nýju gelvörunni sinni því þeir fengu Stefán Drengsson hjá drengsson pics til að gera auglýsingu fyrir þá þar sem þjóðþekkt andlit leggja blessun sína yfir vöruna. Meðal þeirra má nefna Þorgrím Þráinsson, Jóa Fel, Ragnheiði Gröndal og Gulla Helga. „Þetta er auðvitað eina íslenska hárgelið og við höfum fengið fínar viðtökur, bæði frá hárgreiðslumönnum og svo fólki sem hefur fengið að prófa þessar nýju týpur,“ segir Björgvin í samtali við Fréttablaðið en hann var að sjálfsögðu á sínum stað í marki íslenska landsliðsins þegar það atti kappi við Serba í fyrsta leik landsliðsins á Evrópumótinu í gærkvöldi. Þegar umrædd frétt var skrifuð var ekki ljóst hvernig leikurinn fór en útlitið og hárið hefði ekki átt að þvælast fyrir þeim félögum.

Hárgelið The Silver kom á markað síðasta sumar og segir Björgvin að salan hafi gengið vonum framar. „Við erum búnir að selja í kringum tíu þúsund dósir en við setjum markið hátt og ætlum okkur að ná árangri á þessu sviði,“ segir Björgvin og upplýsir að þeir séu með fleiri vörutegundir í þróun sem eigi eftir að koma út í The Silver-línunni. Heyrst hefur að jafnvel sé að koma á markað ilmur fyrir karla en Björgvin vildi ekkert tjá sig um það mál. The Silver vakti athygli út fyrir landsteinana því þýska handboltatímaritið handball-world.com var með ítarlegt viðtal við þá félaga seint á síðasta ári.

freyrgigja@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 4.40 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 7 - 8 - 10.20 | 10 |
| AVATAR 2D LÚXUS | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.30 | 10 |
| FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| VERNDARGRIPURINN | kl. 10 Enskur texti | L |
| NIKULÁS LITLI | kl. 8 Enskur texti | L |
| ÞAÐ VAR EKKI ÉG, ÉG ... | kl. 5.50 Enskur texti | L |
| GÓÐ LÖGGA, VOND LÖGGA | kl. 10 Enskur texti | 12 |
| EDRÚ | kl. 8 Enskur texti | L |
| HJÖRTUN | kl. 5.40 Enskur texti | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY BROWN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 8 og 10.10 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 6, 8 og 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 6 og 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| SHERLOCK HOLMES kl. 5:20D - 6:15D - 8D - 9 - 10:20 - 10:40D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| WHIP IT kl. 5:40 - 8 | 10 |
| BJARNFREÐARSON kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali kl. 5:50 | L |
| SORORITY ROW kl. 8 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| CARMEN ópera endurs. kl. 6 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES kl. 5:30D - 8D - 10:10D - 10:40D | L |
| BJARNFREÐARSON kl. 5:40 - 8 | 10 |
| WHIP IT kl. 10:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali kl. 6 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ Ensku. Tali sýnd á morgun kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| SHERLOCK HOLMES kl. 8 - 10:30 | 12 |
| BJARNFREÐARSON kl. 8 - 10:20 | L |



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Lægra vöruverð alla daga

**1398** KR.KG
**BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDIR**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **30% AFSLÁTTUR**

**198** KR.KG
**BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR**

**998** KR.PK
**BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG**

**75** KR.DS
**THULE LÉTTÖL 500ml**

**398** KR.KG
**K.F NÝTT KJÖTFARS**

## NÝ BAKAÐ

**198** KR.PK
**BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK. / TVÆR GERÐIR**

**298** KR.PK
**BÓNUS KLEINUR 15 STK**

MJÚKAR
**198** KR.PK
**BÓNUS KRINGLUR 4 STK**

**95** KR.PK
**BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK**

**98** KR.STK
**MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT 375g**

**198** KR.STK
**BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g**

**298** KR.STK
**BÓNUS FETAOSTUR 250g**

**149** KR.DS
**BÓNUS SÚRMJÓLK 500ml** - *Fimm bragðtegundir*

**BÓNUS 100% HREINN ÁVAXTASAFI EPLA OG APPELSÍNU 250ml ÞRJÁR FERNUR *149 KR.***
**149** KR. 3 FERNUR

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

> **Julianne Moore**

„Ég trúi því að áhorfendur séu að leita að sjálfum sér eða að einhverri tengingu við líf sitt en ekki bara að glápa á leikarana.“

***Moore fer með hlutverk í kvikmyndinni Next sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 22.20.***



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON SÁ TVÖFALT

# Breski og bandaríski Gordon Ramsay

Hinn kjaftfori Gordon Ramsay er einn vinsælasti sjónvarpskokkur heims. Hann er svo vinsæll að Stöð 2 og Skjár einn bjóða upp á tvær útgáfur af sama þættinum. Stöð 2 sýnir bresku útgáfuna af Kitchen Nightmares, en Skjár einn sýnir þá bandarísku. Þættirnir snúast um að Gordon breytir ömurlegum búllum í háklassamatsölustaði og rassskellir kokkinn í leiðinni. Þættirnir eru skemmtilegir, hvort sem þeir gerast í Bandaríkjunum eða í Bretlandi. Himinn og haf aðskilur þó útgáfurnar tvær – í orðsins fyllstu merkingu.

Í bresku útgáfunni er Gordon talsvert rólegri en í þeirri bandarísku. Ónotunum hreytir hann á yfirvegaðan hátt, eins og breskum séntilmanni sæmir. Hann heldur meira að segja fyrir munninn þegar hann ropar út úr sér ógeðinu sem vonlausu kokkarnir bjóða upp á, áður en staðurinn gengur í gegnum breytingarnar. Í bandarísku útgáfunni öskrar Gordon á kokkana og kallar þá öllum illum nöfnum. Ógeðinu sem þeir bjóða upp á fyrir breytingar spúir hann yfir eldhúsin, sem eru reyndar svo ógeðsleg að nokkrar slettur hverfa í svarthol myglu og rakaskemmda. Loks er stór munur á sögumönnum þáttanna. Í þeim bresku lýsir Gordon aðstæðum á yfirvegaðan hátt, en í þeirri bandarísku dramatíserar djúpraddaður maður atriðin að hætti Hollywood.



Dönnuðu Bretarnir bera augljóslega mikla virðingu fyrir Gordon, sem er fyrrverandi fótboltahetja. Bandaríkjamenn vita varla hvað fótbolti er og bregðast yfirleitt illa við óheflaða Bretanum sem þykist vita allt betur en þeir. Niðurstaðan er sú að bandaríska útgáfan er talsvert skemmtilegri en sú breska. Raunveruleikinn á aldrei að þvælast fyrir góðri sögu og Bandaríkjamenn kunna enn þá þá list best, að gera raunveruleikann ótrúlegri og skemmtilegri en hann er í raun og veru.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.35** Aston Villa – Blackburn, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Oprah's Big Give STÖÐ 2



▶ **20.20** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** Lipstick Jungle SKJÁREINN



▶ **21.50** Chuck STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.30 EM í handbolta** (Ísland - Serbía) (e)
**16.05 Leiðarljós**
**16.45 Táknmálsfréttir**
**16.55 EM-stofa** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta karla.
**17.15 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Tékka og Frakka á EM í handbolta karla í Austurríki.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (2:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Lífseig þráin eftir langlífi** (Le dur désir de durer) Frönsk heimildamynd. Hvers vegna og hvernig eldumst við? Hvaða uppgötvanir og tilgátur nútímans gætu síðar meir gert okkur kleift að ná tökum á öldrunarferlinu, hægja á áhrifum þess og jafnvel að lengja ævi fólks?
**23.20 Kastljós** (e)
**00.00 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.
**00.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.20 We Are Marshall**
**10.30 Norbit**
**12.10 Monster In Law**
**14.00 We Are Marshall**
**16.10 Norbit**
**18.00 Monster In Law**
**20.00 Paris, Texas**
**22.20 Next** Dulmögnuð spennumynd með Nicholas Cage, Julianne Moore og Jessicu Biel í aðalhlutverkum.
**00.00 Lie With Me**
**02.00 An Inconvenient Truth**
**04.00 Next**
**06.00 The New World**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Nornafélagið.
**07.50 Bratz**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Supernanny** (16:20)
**11.45 Gilmore Girls** (2:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (8:16)
**13.25 Ally McBeal** (14:23)
**14.10 Sisters** (15:28)
**15.00 E.R.** (4:22)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (14:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (15:21) Hómer fer í hungurverkfall eftir að hann kemst að því að eigandi Springfield Isotopes ætlar að flytja liðið til Albuquerque.
**19.45 Two and a Half Men** (7:24)
▶**20.10 Oprah's Big Give** (3:8) Sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin þar sem tíu ólíkir einstaklingar keppa innbyrðis í gjafmildi.
**20.55 Mercy** (2:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
**21.40 Medium** (19:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni að vitaskuld við rannsókn ýmissa mála.
**22.25 Tell Me You Love Me** (2:10)
**23.15 The Mentalist** (8:23)
**00.00 The Closer** (3:15)
**00.45 E.R.** (4:22)
**01.30 Sjáðu**
**02.00 The Business**
**03.30 Prophecy 4. Uprising**
**04.55 Mercy** (2:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**17.55 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
▶**19.35 Aston Villa - Blackburn** Bein útsending frá leik Aston Villa og Blackburn í enska deildabikarnum en þetta er síðari undanúrslitaviðureign liðanna.
**21.40 PSG - Mónakó** Útsending frá leik í franska boltanum.
**23.20 Inside the PGA Tour 2010** Sýnt frá Sony Open mótinu sem fram fór á Hawaii en mótið var hluti af PGA mótaröðinni í golfi.
**00.15 Aston Villa - Blackburn** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Wolves - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.15 Stoke - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.55 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**19.50 Arsenal - Bolton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Wigan - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**00.10 Arsenal - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 Girlfriends** (8:23) (e)
**16.00 7th Heaven** (3:22) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
**16.45 Top Design** (6:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir**
**18.30 The Truth About Beauty** (e)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (16:25) (e)
**20.10 One Tree Hill** (3:22) Haley fer að efast um að Nathan sé að segja sannleikann. Clay reynir að sannfæra Nathan um að borga Renee til að þagga niður í henni. Brooke og Queinn skipuleggja myndatöku með Alex og það er komið að uppgjörinu hjá Mouth og Skills.
**20.55 America's Next Top Model** (13:13) Í þessum lokaþætti fá áhorfendur að nýja sýn á stúlkurnar sem tóku þátt í þessari þáttaröð og sýnd verða atriði sem ekki komu fram í þáttunum.
▶**21.45 Lipstick Jungle** (13:13) Það er komið að lokaþættinum. Wendy lendir í erfiðleikum með dótturina, Nico reynir að bæta ímynd sína og Joe reynir að heilla foreldra Victory.
**22.35 The Jay Leno Show**
**23.20 CSI. Miami** (11:25) (e)
**00.10 King of Queens** (16:25) (e)
**00.35 Premier League Poker** (2:15) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er gestur Mörtu Guðjónsdóttur í dag.
**20.30 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson býður gestum í mat og spjall um lífið og tilveruna.
**21.00 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi.
**21.30 Óli á Hrauni** Dagur B. Eggertsson er gestur Ólafs Hannessonar og Viðars Helga Guðjohnsen.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# TÓNVINNSLUSKÓLINN

ProTools-skólinn á Íslandi

Upptöku- og útsetninganámskeið vor 2010

- Tónvinnslunámskeiðið hefst í febrúar
- Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110
- Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt
- Upptökur á frumsömdu lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum
- Masterclass í hljóðblöndun í ProTools (EQ, Compressors, Reverb, Delay, Chorus, o.fl.)



TÓNVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School
digidesign
PRO TOOLS

Skráning er hafin á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Mercy

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kiljan**

**Sjónvarpið kl. 21.05**

Í Kiljunni í kvöld verður verður meðal annars fjallað um síðara bindi ævisögu Þórbergs Þórðarsonar eftir Pétur Gunnarsson, Í forheimskunarlandinu. Páll Baldvin og Kolbrún segja sitt álit á skáldsögunni Þegar kóngur kemur eftir Helga Ingólfsson og á ævisögu Ásu Wright eftir Ingu Dóru Björnsdóttur. Bragi bókasali er á sínum stað og hefur sitt að segja um forseta lýðveldisins og þá sérstaklega um þann sem situr nú.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óðurinn til frelsisins
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Hér og alls staðar
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 The O.C. 2** (24:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**18.30 Seinfeld** (10:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 The O.C. 2** (24:24)

**20.30 Seinfeld** (10:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶ **21.50 Chuck** (20:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.35 Hung** (3:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO um Ray Drecker, skólaliðsþjálfara á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur einmana konum blíðu sína.

**23.05 The Unit** (11:11) Spennuþáttaröð sem fjallar um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**23.50 Fréttir Stöðvar 2**

**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** My Family **12.30** Blackadder the Third **13.00** My Hero **13.30** Robin Hood **14.15** Robin Hood **15.00** The Green Green Grass **15.30** Dalziel and Pascoe **16.20** The Innocence Project **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Little Britain **19.30** New Tricks **20.20** Holby Blue **21.10** Little Britain **21.40** Only Fools and Horses **22.10** My Family **22.40** Blackadder the Third **23.10** My Hero **23.40** Little Britain

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkant **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Så stort - og så med modellervoks **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** Onsdags Lotto **22.50** OBS **22.55** Livvagterne **23.50** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Norge rundt **13.05** V-cup skiskyting **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Folk. En sommerfugl i vinterland **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Jakten på hukommelsen **23.35** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Mästarnas mästare **13.05** Skidskytte **15.00** Rapport **15.05** Konståkning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** Nip/Tuck **21.45** Konståkning **23.00** Skavlan





DYNAMO REYKJAVÍK

**Dæmi um greiðsluyfirlit**




*Það er auðvelt að fylgjast með því hvort útgjöld séu í samræmi við dætlun en netgreiðsluþjónustan býður upp á reglulegan tölvupóst um stöðu mála.*

### Einfalt og án kostnaðar

Netgreiðsluþjónustan er greiðsluþjónusta í heimabanka Byrs. Þar setur þú upp þína greiðsluþjónustu, stjórnar útgjöldunum og gerir áætlanir á einfaldan hátt, þér að kostnaðarlausu.

### Yfirsýn og sparnaður

Með því að setja upp þína eigin greiðsluáætlun veist þú betur hvað hlutirnir kosta, færð betri vaxtakjör og átt auðvelt með að sjá öll útgjöld fyrir.

### Komdu á byr.is

Sjáðu hvernig þetta virkar á **byr.is** – þetta er miklu minna mál en þig grunar. Þú eykur yfirsýn og sparar peninga. Það er fjárhagsleg heilsa.

**Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu og nýttu þér Netgreiðsluþjónustu Byrs.**

BYR SPARISJÓÐUR

## MORGUNMATURINN



*„Yfirleitt fæ ég mér smoothie; vanilluskyr, bláber, sem ég tíndi í haust og frysti, og frosið mangó mixað út í acai-berja eða goji-berjasafa. Annars er það hafragrautur með kanil, eplabitum og möndlum út á. Og lýsi.“*

Rebekka Guðleifsdóttir listamaður.

# Nakti apinn hverfur á braut

Hin litríka tískuverslun Nakti apinn mun leggja upp laupana nú á föstudag. Sara María Júlíudóttir, eigandi verslunarinnar, hyggst taka sér langþráð frí og ætlar að ferðast til Flórída ásamt börnum sínum og kærasta.

„Ég er búin að vera að spá í þetta í nokkurn tíma og það var mjög erfitt að taka þessa ákvörðun því verslunin er næstum eins og þriðja barnið manns. Framtíðin er enn alveg óráðin en ég ætla að taka mér gott frí og ferðast aðeins um. Ég er ekki hætt að hanna og mig langar að vinna áfram með nýja merkið mitt, Varg, sem ég hef ekki getað sinnt sem skyldi því ég hef verið svo föst í búðarrekstri,“ útskýrir Sara María.

Aðspurð segist hún einnig hafa fundið fyrir kreppunni þótt rekstur verslunarinnar gangi enn mjög vel. „Kostnaður við framleiðslu hefur hækkað mikið og það hefur auðvitað sitt að segja hvað reksturinn varðar. Þótt það sé enn nóg að gera þá fær maður núna helmingi minna fyrir vinnuna.“ Sara María segist hafa fengið sterk viðbrögð frá viðskiptavinum Nakta apans í kjölfar fréttarinnar um lokunina. „Ég hef fengið mjög sterk viðbrögð frá fólki og hef fundið fyrir vott af samviskubiti því margir virðast hálf miður sín yfir þessu. Ég lít samt ekki á þetta sem endalokin því ég er ekki hætt að hanna þótt ég viti ekki einmitt núna hvað framtíðin ber í skauti sér. Næsta stopp er Flórída og það er það eina sem ég ætla að hugsa um núna,“ segir Sara María. -sm



**NAKTI APINN LOKAR** Sara María Júlíusdóttir ætlar að taka sér langþráð frí og ferðast til Flórída ásamt börnum sínum og kærasta. Hér sést Sara María að störfum í versluninni ásamt starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** teikning af ferli, **6.** kúgun, **8.** fóstra, **9.** ögn, **11.** sjúkdómur, **12.** fugl, **14.** konungssonur, **16.** skóli, **17.** rúm ábreiða, **18.** kærleikur, **20.** íþróttafélag, **21.** samtök.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** guð, **4.** dagatal, **5.** framkoma, **7.** hrökkva, **10.** haf, **13.** að, **15.** skrifa, **16.** blástur, **19.** drykkur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. graf, 6. ok, 8. ala, 9. fis, 11. ms, 12. spæta, 14. prins, 16. ma, 17. lak, 18. ást, 20. kr, 21. stef.
**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. ra, 4. almanak, 5. fas, 7. kippast, 10. sær, 13. til, 15. skrá, 16. más, 19. te.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Athafnamaðurinn Jón Ólafsson.
2. Avatar.
3. Einar Þorvarðarson.

Auglýsingasími
512 5050

HREFNA HALLGRÍMSDÓTTIR: JOHN F. HARDMAN STÝRIR ÚTRÁSINNI

# Skoppa og Skrítla ráða yfirmann Kalla kanínu

„Við erum komnar með heljarinnar lið úti, sem er ótrúlegt. Það er ekkert annað en happdrættisvinningur að detta niður á svona,“ segir Hrefna Hallgrímsdóttir úr tvíeykinu Skoppu og Skrítlu.

Hrefna og Linda Ásgeirsdóttir hafa ráðið John F. Hardman sem listrænan stjórnanda yfir útrás Skoppu og Skrítlu til Bandaríkjanna. Samningar náðust í síðustu viku og hann er væntanlegur til landsins í næsta mánuði að skoða aðstæður fyrir framleiðslu sjónvarpsefnis og fara á nýja sýningu Skoppu og Skrítlu sem verður frumsýnd um mánaðamótin.

Hardman starfaði áður sem forstjóri sjónvarpsstöðvarinnar Kids‘ WB!, sem er barnaefnisarmur Warner Brothers-samsteypunnar. Kalli kanína, Batman og Scooby Do eru aðeins lítill hluti af teiknimyndarisum sem stöðin hefur á sínum snærum. Hardman hafði meðal annars yfirumsjón með þróun sjónvarpsefnisins ásamt því að vinna náið með öðrum deildum fyrirtækisins, samkvæmt upplýsingum frá Time Warner, móðurfyrirtæki WB.

Hrefna segir að verkefnið sé komið á fullt í frekari þróun. „Við erum búnar að fá þennan mann sem er hrikalega gott fyrir okkur að hafa,“ segir hún. „Hann þekkir alla og getur opnað allar dyr. Það sem við erum fyrst og fremst að sækjast eftir er að hann veit hvað hann er að tala um, hvað virkar og hvað virkar ekki. Hvað er góð söluvara og í hvaða átt á að þróa efnið á erlendri grundu.“

Hrefna og Linda sendu frá sér myndina Skoppa og Skrítla í bíó árið 2008. Myndina gerðu þær á íslensku og ensku og hafa þær verið að þreifa fyrir sér í Bandaríkjunum síðustu misseri. „Við erum orðnar pínu þekktar úti Bandaríkjunum og búnar að fara margar leikferðir þangað,“ segir Hrefna. „Við eigum svolítinn aðdáendahóp, þannig að við ætluðum að gefa út myndina þar. Við höfðum samband við aðila sem sagði: „Þetta er allt of gott til að gefa bara út DVD-mynd.“ Hann fékk til sín svaka gúrú sem fékk annan og þetta er búið að fara úr einu í annað – ótrúlega skemmtilegt. Þetta Skoppu og Skrítlu-dæmi er búið að vera þvílíkt ævintýri í heild sinni. Nú erum við að fara á fullt við að gera sjónvarpsefni – þætti og leikhús. Við erum búin að gera þetta á Íslandi og nú erum við að þróa efnið fyrir þennan stóra markað.“ atlifannar@frettabladid.is



**SKOPPA OG SKRÍTLA** Hrefna og Linda hafa verið að þreifa fyrir sér í Bandaríkjunum með Skoppu og Skrítlu. Nú hafa þær ráðið John F. Hardman til að stýra útrásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir**, einn af þáttastjórnendum Íslands í dag, á von á barni og bætist þar með í ört stækkandi hóp fjölmiðlakvenna sem bera barn undir belti. Sigrún er sem kunnugt er ein af bestu vinkonum Ragnhildar Steinunnar á RÚV sem einnig á von á barni líkt og Eva María Jónsdóttir en þær stjórna saman Söngvakeppni Sjónvarpsins.



Þær Eva María og Ragnhildur Steinunn eru ekki þær einu í Söngvakeppni Sjónvarpsins sem eiga von á sér. Því söngkonan **Anna Hlín**, sem lenti í öðru sæti í síðustu Idol-keppni, fékk nýlega þær góðu fréttir að hún væri ófrísk. Anna flytur lagið Komdu á morgun til mín, eftir Grétar Sigurbergsson í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn.



Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumsýnir á fimmtudag nýtt verk eftir aðstoðarmann mennta-og menningamálaráðherra, Sigtrygg Magnason. Sem er kannski ekki í frásögur færandi enda Sigtrygg vanur maður þegar kemur að ritstörfum. Hitt er hins vegar merkilegra að **Högni Egilsson**, oftast kenndur við Hjaltalín, sér um tónlistina í verkinu en hann er nemi við tónsmíðadeild Listaháskólans.



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SÚRT HVALSRENGI
HÁKARL FRÁ BJARNARHÖFN
HARÐFISKUR FRÁ GRENIVÍK
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Ekki kominn með nýtt starf

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins og ritstjóri Kastljóssins, hefur sagt upp störfum hjá RÚV. Hann tilkynnti Páli Magnússyni útvarpsstjóra um ákvörðun sína á mánudagskvöld og greindi síðan samstarfsfólki frá þessari ákvörðun sinni í gær. „Ákvörðunin er tekin í mestu vinsemd og það er enginn ágreiningur sem liggur hér að baki. Ástæðan fyrir uppsögninni er persónuleg,“ segir Þórhallur en uppsögnin tók strax gildi í gær. Þórhallur bjóst þó við að hann yrði eitthvað á vappi í Efstaleiti næstu daga. Hann segist ætla að hugsa málið næstu daga, hann hafi ekki gert það upp við sig hvort þetta sé endapunkturinn á fjölmiðlaferlinum. „Ég horfi sáttur yfir farinn veg og skil við Ríkissjónvarpið í góðum höndum.“ Hann neitar því að vera kominn með nýja vinnu, uppsögn sín snúist ekki um slíkt.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir uppsögn Þórhalls ekki tengjast fjárhagsstöðu RÚV og viðurkennir að hún hafi komið sér í opna skjöldu. „Ég skal alveg viðurkenna það að ég dauðsé eftir Þórhalli, hann hefur staðið sig vel.“ Spurður hvort leit að eftirmanni hans sé þegar hafin segir Páll svo ekki vera.

„Staðgenglar hans taka við, Jóhanna Jóhannsdóttir mun sinna starfi dagskrárstjóra og Sigmar Guðmundsson verður ritstjóri Kastljóssins. Þegar svona kemur upp á má síðan búast við því að menn endurskoði eitthvað skipulagið,“ segir Páll. - fgg



**HÆTTUR** Þórhallur Gunnarsson er hættur á RÚV. Hann segist skilja við Ríkissjónvarpið í góðum höndum. Páll Magnússon segir að uppsögnin hafi komið sér á óvart.



„...feikilega vel flutt og áhrifamikið“
PBB, Fréttablaðið
„Það er langt síðan ég hef staðið upp jafn djúpt snortinn...“
JVJ, DV
Ingvar E. Sigurðsson
Höfundur og leikstjóri | Jón Atli Jónasson
DJÚPIÐ
Aukasýningar
sun. 24. janúar kl. 20
sun. 31. janúar kl. 20
sun. 7. febrúar kl. 20
fim. 11. febrúar kl. 20
Tryggðu þér miða
á þessa rómuðu sýningu
FORLAGIÐ
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Enga hugmynd

Ríkisútvarpið flutti loks í gær fréttir af því að Næturvaktin yrði hugsanlega að prufuþætti í Bandaríkjunum og að Fox-sjónvarpsveldið hefði keypt sýningarréttinn. **Ragnar Bragason**, leikstjóri Vaktar-þáttanna, mætti í Morgunútvarpið og upplýsti að hann hefði heyrt af því að einn af aðalleikurum bandaríska smellsins The Hangover hefði verið orðaður við hlutverk í þáttunum. Ragnar var loðinn í svörum þegar hann var spurður um hver leikarinn væri; sagði að hann vissi það ekki eða kynni ekki að nefna hann.



### Hugmynd

Það þýðir að aðeins einn leikari kemur til greina. Því nafnið **Zach Galifianakis** er augljóslega mikill tungubrjótur og vefst eflaust fyrir mörgum að bera þetta grískættaða nafn fram. Leikarinn þykir sláandi líkur **Pétri Jóhanni** og eins og einn orðaði það við Fréttablaðið: hann væri líkari Ólafi Ragnari en Pétur Jóhann sjálfur.



### Staffan tapaði

Þótt Íslendingar gráti flestir jafnteflið sem handboltalandsliðið þurfti að sætta sig við á móti Serbum í Austurríki eru þó önnur tíðindi af Evrópumótinu sem ættu að verma sárum landanum um hjartaræturnar. Staffan ‚Faxi' Olsson og lærisveinar í sænska landsliðinu glutruðu nefnilega niður svo gott sem unnum leik á móti Slóvenum og töpuðu með tveggja marka mun. Staffan hefur í gegnum tíðina ratað ofarlega á lista yfir helstu óvini Íslands svo einhverjir ættu að kætast yfir þessum tíðindum.



**- fgg, sh**

### Mest lesið VISIR.IS

1. Þórhallur hættur á RÚV
2. Íslenskur læknir til Haítí
3. Kalli í Pelsinum og sonur yfirheyrðir
4. Kom að bílnum strípuðum
5. Íslenska rústabjörgunarsveitin væntanleg heim á fimmtudaginn




Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.


